

# Staða fatlaðs fólks á Íslandi

---

*Niðurstöður spurningakönnunar Vörðu  
fyrir Öryrkjabandalag Íslands*

*September 2021*

Rannsóknin er unnin fyrir Öryrkjabandalag Íslands



Staða fatlaðs fólks á Íslandi 2021. Niðurstöður spurningakönnunar Vörðu fyrir Öryrkjabandalag Íslands

Útgefandi: Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins  
Ritstjóri: Kristín Heba Gísladóttir  
Höfundar: Margrét Einarsdóttir og Kristín Heba Gísladóttir  
Úrvinnsla tölfraðilegra gagna: Margrét Einarsdóttir

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík  
Sími: 535 5629  
Netfang: [rannvinn@rannvinn.is](mailto:rannvinn@rannvinn.is)  
Vefsíða Vörðu: [rannvinn.is](http://rannvinn.is)  
ISSN: 978-9935-9588-2-2  
©Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2021

## Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður.....	1
Main conclusions .....	2
1 Inngangur.....	3
2 Aðferð.....	4
2.1 Þýði og úrtak .....	4
2.2 Vigtun gagna .....	4
2.3 Mælingar .....	5
2.4 Marktæknipróf.....	6
3 Niðurstöður.....	7
3.1 Lýðfræðileg samsetning fatlaðs fólks .....	7
3.2 Fjárhagsstaða.....	10
3.2.1 Fjárhagsstaða fatlaðs fólks.....	10
3.2.2 Fjárhagsstaða fatlaðs fólks eftir fjölskyldugerð.....	19
3.2.3 Fjárhagsstaða fatlaðs fólks borin saman við stöðu launafólks og atvinnulausra.....	29
3.2.4 Samanburður á fjárhagsstöðu fatlaðs fólks 2009 og 2021 .....	31
3.2.5 Samanburður við niðurstöður úr Lífskjarakönnun Hagstofunnar .....	33
3.2.6 Samantekt – fjárhagsstaða fatlaðs fólks.....	33
3.2.7 Summary – Financial situation .....	35
3.3 Heilsufar.....	37
3.3.1 Andleg og líkamleg heilsa .....	37
3.3.2 Aðgangur að heilbrigðisþjónustu.....	40
3.3.3 Samanburður á heilsufari fatlaðs fólks 2009 og 2021 .....	44
3.3.4 Samanburður við niðurstöður úr Lífskjarakönnunum Hagstofunnar.....	44
3.3.5 Samantekt – heilsufar fatlaðs fólks.....	44
3.3.6 Summary – Health .....	45
3.4 Félagsleg einangrun og fordómar.....	46

3.4.1	Félagsleg einangrun .....	46
3.4.2	Fordómar.....	49
3.4.3	Samanburður á félagslegri einangrun og fordómum 2009 og 2021 .....	52
3.4.4	Samantekt – félagsleg einangrun og fordómar .....	53
3.4.5	Summary – Social isolation and prejudice.....	54
3.5	Atvinnuþátttaka og virkni.....	55
3.5.1	Virkni fatlaðs fólks .....	55
3.5.2	Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks .....	56
3.5.3	Samanburður á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks 2009 og 2021 .....	63
3.5.4	Samantekt – atvinnuþátttaka og virkni fatlaðs fólks.....	64
3.5.5	Summary – Employment and activity.....	65
3.6	Viðhorf til þjónustustofnana og breytinga .....	67
3.6.1	Viðhorf til þjónustu TR, SÍ og lífeyrissjóða .....	67
3.6.2	Viðhorf til breytinga á almannatryggingakerfinu .....	70
3.6.3	Samantekt – viðhorf til þjónustustofnana og breytinga á almannatryggingakerfinu.....	73
3.6.4	Summary – Attitudes to service bodies and changes in the general insurance system .....	74
	Heimildaskrá.....	76
	Viðauki 1 - Spurningalisti.....	78

## Töfluyfirlit

<b>Tafla 1:</b> Vigtunarflokkur. ....	5
<b>Tafla 2:</b> Örorkustaða og lýðfræðileg samsetning eftir kyni. ....	9
<b>Tafla 3:</b> Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og aldri. ....	10
<b>Tafla 4:</b> Fjárhagsaðstoð eftir kyni og aldri. ....	11
<b>Tafla 5:</b> Fjöldi fjárhagsaðstoðartegunda eftir kyni og aldri. ....	12
<b>Tafla 6:</b> Efnislegur skortur eftir kyni og aldri. ....	13
<b>Tafla 7:</b> Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir kyni og aldri. ....	14
<b>Tafla 8:</b> Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og aldri. ....	16
<b>Tafla 9:</b> Þættir sem ekki hefur verið hægt að greiða fyrir barn vegna fjárskorts eftir kyni og aldri. ....	18
<b>Tafla 10:</b> Ánægja eða óánægja með fjárhagsstöðu eftir kyni og aldri. ....	19
<b>Tafla 11:</b> Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir fjölskyldugerð og kyni. ....	20
<b>Tafla 12:</b> Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir fjölskyldugerð og kyni. ....	21
<b>Tafla 13:</b> Fjöldi fjárhagsaðstoðarþátta eftir fjölskyldugerð og kyni. ....	22
<b>Tafla 14:</b> Efnislegur skortur eftir fjölskyldugerð og kyni. ....	24
<b>Tafla 15:</b> Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir fjölskyldugerð og kyni. ....	25
<b>Tafla 16:</b> Staða á húsnæðismarkaði eftir fjölskyldugerð og kyni. ....	26
<b>Tafla 17:</b> Þættir sem ekki hefur verið hægt að greiða fyrir barn/börn vegna fjárskorts eftir fjölskyldugerð og kyni. ....	28
<b>Tafla 18:</b> Ánægja eða óánægja með fjárhagsstöðu sína eftir fjölskyldugerð og kyni. ....	29
<b>Tafla 19:</b> Samanburður á fjárhagsstöðu fatlaðs fólks og launafólks og atvinnulausra innan ASÍ og BSRB eftir kyni. ....	31
<b>Tafla 20:</b> Samanburður á húsnæðisstöðu fatlaðs fólks árin 2009 og 2021. ....	32
<b>Tafla 21:</b> Samanburður á ánægju eða óánægju fatlaðs fólks með fjárhagsstöðu sína árin 2009 og 2021. ....	32
<b>Tafla 22:</b> Samanburður á erfiðleikum við að greiða venjuleg útgjöld 2009 og við að ná endum saman 2021. ....	32
<b>Tafla 23:</b> Samanburður á vanskilum á lánum og efnislegum skorti við Lífskjararannsókn Hagstofunnar. ....	33
<b>Tafla 24:</b> Hlutfall þeirra sem finna nánast daglega fyrir andlegum einkennum eftir kyni og aldri. ....	38

<b>Tafla 25:</b> Líkamlegt heilsufar eftir kyni og aldri.....	39
<b>Tafla 26:</b> Líkamlegt heilsufar eftir andlegri heilsu.....	40
<b>Tafla 27:</b> Hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir kyni og aldri. ....	41
<b>Tafla 28:</b> Ástæður þess að hafa neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu eftir kyni og aldri. ....	43
<b>Tafla 29:</b> Félagsleg einangrun eftir kyni og aldri.....	47
<b>Tafla 30:</b> Félagsleg einangrun meiri eða minni en fyrir faraldurinn eftir kyni og aldri.....	48
<b>Tafla 31:</b> Félagsleg einangrun eftir því hvort viðkomandi býr einn eða með öðrum.....	48
<b>Tafla 32:</b> Félagsleg einangrun meiri eða minni en fyrir faraldurinn eftir því hvort viðkomandi býr einn eða með öðrum. ....	49
<b>Tafla 33:</b> Finnur fyrir fordómum vegna örorku/fötlunar sinnar eftir kyni og aldri.....	49
<b>Tafla 34:</b> Hvar fundið er fyrir fordómum eftir aldri og kyni.....	51
<b>Tafla 35:</b> Fjöldi þeirra sem fordómar finnast hjá eftir kyni og aldri. ....	52
<b>Tafla 36:</b> Samanburður á félagslegri einangrun og fordómum 2009 og 2021. ....	53
<b>Tafla 37:</b> Hlutfall í virkni eftir kyni og aldri. ....	56
<b>Tafla 38:</b> Hlutfall þeirra sem hafa fengið laun á síðustu 12 mánuðum eftir kyni og aldri.....	58
<b>Tafla 39:</b> Hlutfall þeirra sem treysta sér til að vera á vinnumarkaði, eftir kyni og aldri.....	59
<b>Tafla 40:</b> Ástæður þess að vera utan vinnumarkaðar eftir mikilvægi. ....	60
<b>Tafla 41:</b> Helsta ástæða fyrir að vera utan vinnumarkaðar eftir kyni og aldri. ....	61
<b>Tafla 42:</b> Ánægja eða óánægja með aukna fjarvinnu á vinnumarkaði eftir kyni og aldri.....	62
<b>Tafla 43:</b> Samanburður á atvinnuþátttöku 2009 og 2021.....	63
<b>Tafla 44:</b> Samanburður á hlutfalli fatlaðs fólks sem er utan vinnumarkaðar og helstu ástæður þess að vera utan vinnumarkaðar 2009 og 2021.....	64
<b>Tafla 45:</b> Samanburður á starfshlutfalli sem fatlað fólk treystir sér til að vera í 2009 og 2021. ....	64
<b>Tafla 46:</b> Ánægja eða óánægja með þjónustu TR eftir kyni og aldri. ....	68
<b>Tafla 47:</b> Ánægja eða óánægja með þjónustu SÍ eftir kyni og aldri.....	69
<b>Tafla 48:</b> Ánægja eða óánægja með þjónustu lífeyrissjóða eftir kyni og aldri. ....	70
<b>Tafla 49:</b> Breytingar á almannatryggingakerfinu eftir mikilvægi. ....	71
<b>Tafla 50:</b> Helsta breyting á almannatryggingakerfinu eftir kyni og aldri. ....	73

# Helstu niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar sem var lögð fyrir félagi í aðildarfélögum Öryrkjabandalags Íslands sýna að:

- ✓ **Fjárhagsstaða fatlaðs fólks er mjög slæm:**
  - Tæplega átta af hverjum tíu eiga erfitt eða frekar erfitt með að ná endum saman
  - Sex af hverjum tíu geta ekki mætt óvæntum útgjöldum
  - Tæplega fjórir af hverjum tíu búa við skort á efnislegum gæðum
- ✓ **Einstæðir fatlaðir foreldrar og einhleypt fatlað fólk stendur höllum fæti fjárhagslega**
  - Tæplega níu af hverjum tíu einhleypum og einstæðum foreldrum eiga erfitt eða frekar erfitt með að ná endum saman
  - Um helmingur einstæðra foreldra og einhleypra býr við skort á efnislegum gæðum
  - Ríflega fjórir af hverjum tíu einstæðum foreldrum geta ekki veitt börnunum sínum eins næringarríkan mat og þeir vilja eða greitt kostnað vegna skipulagðra tómsunda
- ✓ **Andleg og líkamleg heilsa fatlaðs fólks er slæm og flestir hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu**
  - Ríflega átta af hverjum tíu hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu
  - Sex af hverjum tíu hafa neitað sér um tannlæknaþjónustu
  - Þrír af hverjum tíu hafa neitað sér um almenna heilbrigðisþjónustu
  - Tæplega níu af hverjum tíu segja að kostnaður sé helsta ástæða þess að þeir hafi neitað sér um heilbrigðisþjónustu
- ✓ Margir finna fyrir félagslegri einangrun og meirihluti finnur fyrir fordómum
- ✓ Talsverður vilji er meðal fatlaðs fólks til að vera á vinnumarkaði, en heilsa þess er helsta fyrirstaðan
- ✓ Tæplega sex af hverjum tíu segja mikilvægast að hækka örorkulífeyri og tengdar greiðslur þegar spurt er um breytingar á almannatryggingakerfinu

## Main conclusions

*The results of the survey sent to members of the Icelandic Disability Alliance show that:*

- ✓ **Disabled people are in a very bad financial situation:**
  - Just over eight in ten find it difficult or rather difficult to make ends meet.
  - Six in ten cannot afford unexpected expenses.
  - Just over four in ten suffer from a lack of material resources.
- ✓ **Single disabled parents and single disabled individuals are in a weak position financially:**
  - Just over nine in ten single disabled parents and single disabled individuals find it difficult or rather difficult to make ends meet.
  - Around half of all single disabled parents and single disabled individuals suffer from a lack of material resources.
  - Just over four in ten single parents cannot provide their children with the nutritious food they wish to provide or cover the costs of organised leisure activities.
- ✓ **Disabled people have poor mental and physical health, and many have refused healthcare services:**
  - Just over eight in ten have refused healthcare services.
  - Six in ten have refused dental services.
  - Three in ten have refused general healthcare services.
  - Just over nine in ten cite cost as the main reason for their refusing healthcare services.
- ✓ Many feel social isolation and most feel prejudice against them.
- ✓ Disabled people want to be part of the labour market, but health is the main obstacle.
- ✓ Just over six in ten identify invalidity pensions and income-related payments as the most important changes required in the social security system.



# 1 Inngangur

Kórónuveirufaraldurinn hefur haft víðtæk áhrif á heilsu, líðan, daglegt líf og fjárhagsstöðu fólks. Faraldurinn hefur sýnt styrk samfélagsins en einnig afhjúpað veikleika þess. Öryrkjabandalag Íslands óskaði eftir að Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins framkvæmdi sambærilega könnun og stofnunin stóð fyrir á stöðu launafólks í upphafi árs (Margrét Einarsdóttir, Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Kristín Heba Gísladóttir, 2021). Markmið könnunarinnar er að veita upplýsingar um stöðu fatlaðs fólks varðandi:

1. Fjárhag
2. Félagslega stöðu
3. Viðhorf til þjónustustofnana
4. Viðhorf til breytinga á almannatryggingakerfinu
5. Atvinnuþátttöku
6. Heilsufar

Könnunin var lögð fyrir í lok maí og byrjun júní 2021 og er aðferð hennar lýst í öðrum kafla. Í þriðja kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar. Niðurstöðukaflinn skiptist í nokkra kafla sem hver um sig fjallar um ákveðna þætti sem tengjast stöðu fatlaðs fólks. Fyrsti niðurstöðukaflinn fjallar um lýðfræðilega samsetningu, annar kaflinn um fjárhagsstöðu, sá þriðji um heilsufar, fjórði kaflinn um félagslega einangrun og fordóma, sá fimmti um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og virkni og sjótti og síðasti kaflinn um viðhorf til þjónustustofnana og breytinga á þeim. Allir þættir sem skoðaðir eru í niðurstöðunum eru greindir eftir kyni og aldri, fjárhagsstaðan er að auki greind eftir fjölskyldustöðu og félagsleg einangrun eftir því hvort þátttakendur búa einir eða með öðrum. Í þeim tilvikum þar sem um sambærilegar niðurstöður er að ræða eru þær að auki bornar saman við niðurstöður úr könnun á högum öryrkja árið 2009 sem skoðaði stöðu fólks á örorkulífeyri, örorkustyrk og endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun (Guðrún Hannesdóttir, 2010), við niðurstöður og gögn úr Lífskjararannsókn Hagstofunnar (Hagstofa Íslands, 2021, e.d.) og spurningakönnun Vörðu sem lögð var fyrir félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB í lok árs 2020 (Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson, 2021).

## 2 Aðferð

Könnunin var ætluð félögum í aðildarfélögum Öryrkjabandalags Íslands. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og var hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Hægt var að svara henni á íslensku og ensku auk þess sem spurningarnar voru táknmálstúlkaðar. Öryrkjabandalag Íslands sendi öllum aðildarfélögum tölvupóst og óskaði eftir aðstoð þeirra við að koma könnuninni á framfæri við félag þeirra. Í tölvupóstinum voru upplýsingar um markmið könnunarinnar, netslóð inn á hana og texti sem óskað var eftir að væri sendur með henni. Upplýsingum um könnunina var dreift í tölvupósti til féлага, á heimasíðum aðildarfélaganna og heildarsamtakanna og á samfélagsmiðlum þeirra. Könnunin var opin frá 25. maí til 8. júní 2021.

### 2.1 Þýði og úrtak

Könnunin var þýðisrannsókn og ætluð öllum þeim sem eru á örorkulífeyri, örorkustyrk og endurhæfingarlífeyri, samtals 23.168 einstaklingum. Af þeim hópi svöruðu samtals 1.453 könnuninni, eða 6,3%.

### 2.2 Vigtun gagna

Gögnin úr könnuninni voru vigtuð eftir öryrkjastöðu, aldri og kyni til þess að þau endurspegli betur þýðið. Öryrkjastaðan var þrískipt: Á örorkulífeyri/á örorkustyrk/á endurhæfingarlífeyri. Aldri var skipt í tvennt: 18-29 ára/30-66 ára. Kyni var skipt í tvennt: Karl/kona. Fjórir svarendur merktu við að vera kynsegin og þrír við annað kyn. Það voru of fá svör til að hægt væri að vigta þau sér. Svörin voru vigtuð með konum þar sem kynsegin fólk og fólk með óráðið kyn er undirsett körlum líkt og konur. Samtals urðu vigtunarflokkarnir því tólf (sjá töflu 1).

Vogin var reiknuð út í tveim þrepum. Fyrst var vinnsluvog reiknuð út með því að deila svarhlutfalli hvers flokks í einn (1/svarhlutfall, eða N/n). Til þess að fá vigtaðan fjölda svara (vigtað N) í sama hlutfall og upprunalegan fjölda svara (N) var síðan deilt í vinnsluvogina með stuðlinum „samtals fjöldi í þýði/samtals fjöldi svara“.

**Tafla 1:** Vigtunarflokkur.

Vigtunarflokkur	N	Hlutfall af þýði	n	Svarhlutfall	Hlutfall af svörum	Vigtað hlutfall af þýði
Endhæf./eld./kk.	718	3,1%	18	2,5%	1,2%	3,1%
Endhæf./eld./kvk.	1348	5,8%	72	5,3%	5,0%	5,9%
Endhæf./yng./kk.	406	1,8%	4	1,0%	0,3%	1,8%
Endhæf./yng./kvk.	649	2,8%	22	3,4%	1,5%	2,7%
Örlíf./eld./kk.	6482	28,0%	231	3,6%	15,9%	28,1%
Örlíf./eld./kvk.	11036	47,6%	986	8,9%	67,9%	47,6%
Örlíf./yng./kvk.	873	3,8%	50	5,7%	3,4%	3,8%
Örlíf./yng./kk.	1126	4,9%	12	1,1%	0,8%	4,9%
Örstyrk./eld./kk.	154	0,7%	11	7,1%	0,8%	0,7%
Örstyrk./eld./kvk.	291	1,3%	44	15,1%	3,0%	1,3%
Örstyrk./yng./kk.	44	0,2%	1	2,3%	0,1%	0,2%
Örstyrk./yng./kvk.	41	0,2%	2	4,9%	0,1%	0,2%
Samtals	23168	100,0%	1453	6,3%	100,0%	100,0%

### 2.3 Mælingar

*Andleg líðan* var mæld á PHQ-9 kvarðanum sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem metur einkenni þunglyndis og alvarleika þess. Kvarðinn hefur verið metinn með tilliti til réttmætis og áreiðanleika (Kroenke, Spitzer og Williams, 2001) og þýddur á íslensku (Andri Steinþór Björnsson o.fl., 2019). Spurt var um hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjörgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmingss tímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni: 1) Lítil áhugi eða gleði við að gera hluti. 2) Verið niðurdregin/n, dapur/döpur eða vonlaus. 3) Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. 4) Þreyta og orkuleysi. 5) Lystarleysi eða ofát. 6) Líðið illa með sjálfa/n þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum/ri þér eða fjölskyldu þinni. 7) Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp. 8) Hreyfa þig eða tala svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus eða óróleg/ur að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega. 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dái/n eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt. Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke og Spitzer, 2002). Þeir sem merkja ekki við neina spurningu fá brottfallsgildi. Hins vegar er gert ráð fyrir að þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum

finni ekki fyrir þeim einkennum sem þeir merktu ekki við. Þeim var því gefið gildið 0 í staðbrottfallsgildis varðandi þau einkenni. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

*Efnislegur skortur:* Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið með spurningakvarða sem mælir efnislegan skort og er fenginn úr evrópsku Lífskjararannsókninni (Eurostat, e.d.). Spurt var hvort einhver eftirfarandi níu staðhæfinga ætti við um heimili svarenda: 1) Vanskil á leigu, húsnæðislánnum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum. 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu. 3) Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag. 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum. 5) Hef hvorki efni á heimsíma né farsíma. 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki. 7) Hef ekki efni á þvottavél. 8) Hef ekki efni á bíl. 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Samkvæmt skilgreiningu búa þau við skort sem búa á heimili sem þrennt af framantöldum þáttum á við um (Hagstofa Íslands, e.d.).

#### 2.4 Marktækniþróf

Persons kí-kvaðrat próf ( $\chi^2$ ) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Prófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikiörk, \* =  $p < 0,05$ , \*\* =  $p < 0,001$ .

### 3 Niðurstöður

Niðurstöðukaflinn skiptist í nokkra undirkafla sem hver um sig fjallar um ákveðna þætti varðandi stöðu fatlaðs fólks. Kaflarnir fjalla um lýðfræðilega samsetningu hópsins, fjárhagsstöðu, heilsufar, félagslega einangrun og fordóma, atvinnuþátttöku, viðhorf til þjónustustofnana og breytingar á almannatryggingakerfinu. Í öllum köflum eru niðurstöðurnar greindar eftir kyni og aldri. Fjárhagsstaða er að auki greind eftir fjölskyldustöðu og félagsleg einangrun út frá fjölda á heimili. Í ákveðnum tilfellum eru sambærilegar niðurstöður að finna í rannsókn á högum öryrkja frá 2009 (Guðrún Hannesdóttir, 2010) og/eða í Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2021, e.d.) og/eða í spurningakönnun Vörðu (Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson, 2021) og eru niðurstöðurnar úr þessari könnun þá bornar saman við þær áður en helstu niðurstöður eru teknar saman í lok hvers kafla.

#### 3.1 Lýðfræðileg samsetning fatlaðs fólks

Í niðurstöðum er byrjað á því að skoða samsetningu öryrkja, örorkustyrktaka og endurhæfingarlífeyrisstaka eftir lýðfræðilegum þáttum, það er kyni, aldri, innflytjendastöðu, búsetu, menntun, fjölda á heimili, fjölda barna á heimili og hjúskaparstöðu.

Tafla 2 sýnir örorkustöðu og lýðfræðilega samsetningu fatlaðs fólks eftir kyni. Þar sést að 84% fatlaðs fólks eru á örorkulífeyri, 2% á örorkustyrk og 13% á endurhæfingarlífeyri. Fatlað fólk er hér skilgreint sem þeir sem eru á örorkulífeyri, örorkustyrk eða endurhæfingarlífeyri. Konur eru mun fjölmennari í hópi fatlaðs fólks en karlar, 61% konur en 39% karlar. Hvorki mælist marktækur kynjamunur á örorkustöðu né á innflytjendastöðu. Hér eru þeir sem telja Ísland vera upprunalandið flokkaðir til innfæddra en þeir sem telja upprunaland sitt vera annað en Ísland til innflytjenda. Að öðru leyti mældist marktækur kynjamunur á þeim lýðfræðilegu þáttum sem mældir voru. Ólík kynjahlutföll birtast í yngri og eldri aldurshópunum. Hlutfallslega fleiri karlar eru í yngri aldurshópnum (18% á móti 11%) en hlutfallslega fleiri konur í þeim eldri (89% á móti 82%). Það gæti bent til að konur séu að jafnaði eldri en karlar þegar þær fara á örorku. Heldur fleiri karlar búa á landsbyggðinni (43% á móti 40%) og erlendis (4% á móti 2%) en heldur fleiri konur á höfuðborgarsvæðinu (59% á móti 53%) og fleiri karlar eru með menntun á grunnskólastigi (50% á móti 42%) eða framhaldsskólastigi (37% á móti 33%) en fleiri konur á háskólastigi (26% á móti 13%). Fleiri karlar en konur búa einir á heimili (43% á móti 30%) en fleiri konur en karlar á heimilum þar sem búa þrír eða fleiri (40% á móti 27%) og fleiri karlar en konur á heimili án barna undir 18

ára aldri (74% á móti 62%). Að sama skapi eru fleiri karlar en konur í hópi einhleypra (47% á móti 32 %) en fleiri konur en karlar eru hins vegar í sambúð/hjónabandi án barns undir 18 ára aldri (30% á móti 27%), einstæðir foreldrar (16,5% á móti 8,1%) eða í sambúð/hjónabandi með barni/börnum (21% á móti 18,%). Hér eru fráskildir, ekkjur og ekkjar flokkaðir með einhleypum.

**Tafla 2:** Örorrustaða og lýðfræðileg samsetning eftir kyni.

	Kona	Karl	Samtals	N	p
<i>Öryrkjastaða</i>				1445	0,754
Örorkulífeyrir	84%	85%	84%		
Örorkustyrkur	2%	2%	2%		
Endurhæfingarlífeyrir	14%	13%	13%		
<i>Aldur</i>				1446	0,000**
< 30 ára	11%	18%	14%		
30-69 ára	89%	82%	87%		
<i>Innflytjendastaða</i>				1438	0,202
Innfæddir	97%	96%	97%		
Innflytjendur	3%	4%	4%		
<i>Búseta</i>				1441	0,004**
Landsbyggðin	40%	43%	41%		
Höfuðborgarsvæðið	59%	53%	57%		
Erlendis	2%	4%	3%		
<i>Menntun</i>				1439	0,000**
Grunnskólastig	42%	50%	45%		
Framhaldskólastig	33%	37%	35%		
Háskólastig	26%	13%	21%		
<i>Fjöldi á heimili</i>				1386	0,000**
Eitt	30%	43%	35%		
Tvö	30%	30%	30%		
Þrjú	18%	15%	17%		
Fjögur	13%	7%	10%		
Fimm eða fleiri	10%	6%	8%		
<i>Fjöldi barna á heimili</i>				1353	0,000**
Ekkert	62%	74%	67%		
Eitt	20%	10%	16%		
Tvö	11%	11%	11%		
Þrjú eða fleiri	7%	5%	6%		
<i>Fjölskyldugerð</i>				1352	0,000**
Einhleypir	32%	47%	38%		
Sambúð án barns	30%	27%	29%		
Einstæðir foreldrar	17%	8%	13%		
Sambúð með barn	21%	18%	20%		
Samtals	61%	39%	100%		

## 3.2 Fjárhagsstaða

Fjárhagsstaða fatlaðs fólks var metin með nokkrum spurningum. Svarendur voru spurðir að því hversu auðvelt eða erfitt þeir ættu með að ná endum saman, hvort þeir hefðu fengið fjárhagsaðstoð, hvort þeir byggju við skort á efnislegum gæðum og hvort fjárskortur hefði komið í veg fyrir að hægt væri að veita barni/börnum ýmsar nauðsynjar. Að lokum voru svarendur beðnir að meta hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með fjárhagsstöðu sína um þessar mundir. Allar spurningarnar voru greindar eftir kyni og aldri.

### 3.2.1 Fjárhagsstaða fatlaðs fólks

Niðurstöður varðandi hversu auðvelt eða erfitt er að láta enda ná saman eru birtar í töflu 3. Taflan sýnir að mikill meirihluti fatlaðs fólks á frekar erfitt (31%) eða erfitt (44%) með að ná endum saman. Marktækur kynjamunur mælist eingöngu meðal ungs fólks. Fleiri ungar konur eiga erfitt með að ná endum saman (38% á móti 13%) en fleiri ungir karlar frekar erfitt með það (62% á móti 31%). Þá eiga hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum erfitt með að ná endum saman (47% á móti 24%) en hlutfallslega fleiri í yngri aldurshópnum frekar erfitt með það (47% á móti 28%).

**Tafla 3:** Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	P
<i>Yngri</i>				0,001**
Auðvelt	11%	13%	12%	N = 176
Nokkuð auðvelt	21%	13%	17%	
Frekar erfitt	31%	62%	47%	
Erfitt	38%	13%	24%	
<i>Eldri</i>				0,503
Auðvelt	6%	7%	6%	N = 1137
Nokkuð auðvelt	19%	16%	18%	
Frekar erfitt	29%	28%	28%	
Erfitt	47%	49%	47%	
<i>Allir</i>				0,063
Auðvelt	6%	8%	7%	N = 1313
Nokkuð auðvelt	19%	16%	18%	
Frekar erfitt	29%	34%	31%	
Erfitt	46%	42%	44%	

Aldursmunur: N = 1315, p = 0,000\*\*.

Tafla 4 sýnir hvort svarendur hafa fengið einhvers konar fjárhagsaðstoð síðastliðið ár og eru niðurstöðurnar birtar eftir kyni og aldri. Á síðustu tólf mánuðum hafa 5% fengið fjárhagsaðstoð



frá sveitarfélagi, 41% fjárhagsaðstoð frá ættingjum eða vinum og 7% fjárhagsaðstoð frá hjálparsamtökum, 12% mataraðstoð frá hjálparsamtökum og 18% sérstakan húsnæðisstuðning frá sveitarfélagi. Hlutfallslega fleiri karlar en konur hafa fengið sérstakan húsnæðisstuðning (20% á móti 16%). Þá hafa hlutfallslega fleiri eldri karlar en eldri konur fengið mataraðstoð (16% á móti 11%) og hlutfallslega fleiri yngri konur en yngri karlar hafa fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi (14% á móti 0%). Að öðru leyti mælist ekki marktækur kynjamunur á fjárhagsaðstoðinni. Hlutfallslega fleiri í yngri hópnum hafa fengið fjárhagsaðstoð frá ættingjum/vinum (59% á móti 38%), fjárhagsaðstoð frá hjálparsamtökum (13% á móti 6%) og sérstakan húsnæðisstuðning (26% á móti 16%). Fleiri í eldri aldurshópnum en yngri hafa hins vegar fengið mataraðstoð (13% á móti 6%) og er munurinn tölfræðilega marktækur. Það mælist ekki marktækur munur eftir aldri á að fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi.

**Tafla 4:** *Fjárhagsaðstoð eftir kyni og aldri.*

		Konur	Karlar	Samtals	N	p
Frá sveitarfélagi	Yngri	14%	0%	6%	174	0,000**
	Eldri	5%	5%	5%	1128	0,777
	Allir	6%	4%	5%	1302	0,306
Frá ættingjum/vinum <sup>1)</sup>	Yngri	59%	58%	59%	174	0,873
	Eldri	38%	38%	38%	1128	0,883
	Allir	40%	42%	41%	1302	0,502
Frá hjálparsamtökum <sup>1)</sup>	Yngri	12%	13%	13%	174	0,912
	Eldri	7%	6%	6%	1126	0,531
	Allir	7%	7%	7%	1300	0,901
Mataraðstoð <sup>1)</sup>	Yngri	14%	0%	6%	174	0,000*
	Eldri	11%	16%	13%	1127	0,013**
	Allir	11%	13%	12%	1301	0,297
Sérstakur	Yngri	26%	26%	26%	174	0,986
húsnæðisstuðningur frá sveitarfélagi <sup>1)</sup>	Eldri	15%	19%	16%	1126	0,056
	Allir	16%	20%	18%	1300	0,038*

<sup>1)</sup> Marktækur aldursmunur (N = 1307): Frá vinum og ættingjum, p = 0,000\*\*, frá hjálparsamtökum, p = 0,003\*\*, mataraðstoð, p = 0,012\*, sérstakur húsnæðisstuðningur, p = 0,004\*\*.

Þá sýnir tafla 5 að helmingur svarenda hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð, 30% hafa fengið eina tegund fjárhagsaðstoðar og 21% tvær eða fleiri tegundir. Ekki mælist marktækur kynjamunur á fjölda tegunda fjárhagsaðstoðar en hins vegar mælist marktækur munur eftir aldri. Hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum en þeim yngri hafa ekki fengið neina fjárhagsaðstoð (52% á móti 33%) en hlutfallslega fleiri í yngri aldurshópnum hafa hins vegar fengið eina (37%

móti 29%) eða tvær eða fleiri tegundir (30% á móti 20%) fjárhagsaðstoðar á síðustu tólf mánuðum.

**Tafla 5:** Fjöldi fjárhagsaðstoðartegunda eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,427
Engin fjárhagsaðstoð	31%	35%	33%	N = 175
Ein tegund	35%	39%	37%	
Tvær eða fleiri tegundir	35%	26%	30%	
<i>Eldri</i>				0,176
Engin fjárhagsaðstoð	53%	51%	52%	N = 1128
Ein tegund	30%	26%	28%	
Tvær eða fleiri tegundir	18%	22%	20%	
<i>Allir</i>				0,383
Engin fjárhagsaðstoð	50%	48%	50%	N = 1303
Ein tegund	30%	29%	30%	
Tvær eða fleiri tegundir	20%	23%	21%	

Aldursmunur: N = 1307, p = 0,000\*\*.

Niðurstöður á mælingum á ný þáttum efnislegs skorts eftir kyni og aldri eru birtar í töflu 6. Þær sýna að 19% fatlaðs fólks hafa verið í vanskilum á lánnum eða leigu, 62% geta ekki mætt óvæntum útgjöldum, 52% hafa ekki efni á árlegu fríi, 23% ekki efni á staðgóðri máltíð annan hvern dag, 3% ekki efni á síma, 9% ekki efni á sjónvarpstæki, 10% ekki efni á þvottavél, 22% ekki efni á bíl og 5% ekki efni á nægilegri upphitun. Kynjamunur mælist á nokkrum þáttum efnislegs skorts. Hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa ekki efni á staðgóðri máltíð (26% á móti 18%) og helst sá munur bæði í yngri aldurshópnum (30% á móti 13%) og í þeim eldri (26% á móti 20%). Hlutfallslega fleiri karlar en konur hafa hins vegar ekki efni á bíl (26% á móti 19%) en sá kynjamunur er aðeins í eldri aldurshópnum (26% á móti 17%). Þá eru hlutfallslega fleiri eldri karlar en eldri konur í vanskilum (23% á móti 17%) en hlutfallslega fleiri yngri konur en yngri karlar hafa ekki efni á síma (11% á móti 0%), sjónvarpstæki (16% á móti 7%) og/eða þvottavél (25% á móti 7%). Þá mælist marktækur aldursmunur á þremur efnislegum þáttum. Hlutfallslega fleiri í yngri aldurshópnum en þeim eldri hafa ekki efni á árlegu frí (61% á móti 55%), á þvottavél (15% á móti 9%) og/eða á bíl (30% á móti 21%).

**Tafla 6:** Efnislegur skortur eftir kyni og aldri.

		Konur	Karlar	Samtals	N	P
Vanskil á leigu/lánum	Yngri	24%	13%	18%	173	0,064
	Eldri	17%	23%	19%	1127	0,009**
	Allir	17%	21%	19%	1300	0,090
Ekki árlegt frí með fjölskyldu <sup>1)</sup>	Yngri	63%	58%	60%	173	0,552
	Eldri	51%	49%	51%	1127	0,420
	Allir	53%	51%	52%	1300	0,496
Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag	Yngri	30%	13%	21%	173	0,006**
	Eldri	26%	20%	23%	1127	0,021*
	Allir	26%	18%	23%	1300	0,001**
Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum	Yngri	60%	65%	62%	173	0,541
	Eldri	63%	59%	62%	1127	0,111
	Allir	63%	60%	62%	1300	0,224
Ekki efni á síma	Yngri	11%	0%	5%	173	0,000**
	Eldri	3%	3%	3%	1127	0,900
	Allir	3%	2%	3%	1300	0,195
Ekki efni á sjónvarpstæki	Yngri	16%	7%	11%	174	0,043*
	Eldri	7%	10%	8%	1127	0,082
	Allir	8%	9%	9%	1301	0,387
Ekki efni á þvottavél <sup>1)</sup>	Yngri	25%	7%	15%	174	0,000**
	Eldri	8%	11%	9%	1127	0,062
	Allir	9%	10%	10%	1301	0,678
Ekki efni á bíl <sup>1)</sup>	Yngri	35%	26%	30%	173	0,189
	Eldri	17%	26%	21%	1127	0,000**
	Allir	19%	26%	22%	1300	0,003**
Ekki nægileg upphitun	Yngri	5%	7%	6%	174	0,669
	Eldri	4%	6%	4%	1127	0,071
	Allir	4%	6%	5%	1301	0,057

<sup>1)</sup> Marktækur aldursmunur (N = 1307): Ekki árlegt frí, p = 0,013\*, ekki efni á þvottavél, p = 0,006\*\*, ekki efni á bíl, p = 0,006\*\*.

Tafla 7 sýnir hversu mörgum þeirra níu efnislegu þáttum sem mældir voru í töflu 6 þátttakendur hafa ekki efni á. Niðurstöðurnar sýna að einungis 26% fatlaðs fólks þurfa ekki að neita sér um nein þeirra efnislegu gæða sem spurt var um, 18% þurfa að neita sér um eina tegund efnislegra gæða, 21% um tvær tegundir, 16% um þrjár tegundir og 19% um fjórar eða fleiri tegundir efnislegra gæði. Þeir sem ekki hafa efni á þremur efnislegum þáttum sem mældir eru á þessum

skala búa við efnislegan skort og þeir sem ekki hafa efni á fjórum eða fleiri þáttum búa við verulegan skort á efnislegum gæðum.

Munur eftir kyni mælist eingöngu meðal yngri aldurshópsins en hann er ekki línulegur. Hlutfallslega fleiri yngri konur þurfa að neita sér um eina tegund (16% á móti 7%) og fjórar eða fleiri (33% á móti 7%) tegundir efnislegra gæða en hlutfallslega fleiri ungir karlar um tvö konar (40% á móti 18%) og þrenns konar (26% á móti 14%) efnisleg gæði. Hlutfall ungra karla og ungra kvenna sem þurfa ekki að neita sér um nein efnisleg gæði er hins vegar nokkurn veginn jafnt (22% á móti 20%). Þá mælist marktækur aldursmunur á fjölda efnislegra gæða sem skortur er á og er hann nokkurn veginn línulegur. Hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum þurfa ekki að neita sér um neina tegund (27% á móti 21%) eða aðeins eina tegund (19% á móti 11%) efnislegra gæða en hlutfallslega fleiri í yngri aldurshópnum þurfa hins vegar að neita sér um tvær tegundir (30% á móti 19%) og þrjár tegundir (20% á móti 16%). Jafnhátt hlutfall í yngri og eldri aldurshóp þarf að neita sér um fjögur eða fleiri efnisleg gæði (19%).

**Tafla 7:** Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,000**
Enginn	20%	22%	21%	N = 173
Einn	16%	7%	11%	
Tveir	18%	40%	30%	
Þrír	14%	26%	20%	
Fjórir eða fleiri	33%	7%	19%	
<i>Eldri</i>				0,711
Enginn	27%	27%	27%	N = 1127
Einn	18%	20%	19%	
Tveir	19%	19%	19%	
Þrír	17%	14%	16%	
Fjórir eða fleiri	19%	21%	19%	
<i>Allir</i>				0,501
Enginn	27%	26%	26%	N = 1300
Einn	18%	17%	18%	
Tveir	19%	23%	21%	
Þrír	16%	16%	16%	
Fjórir eða fleiri	20%	18%	19%	

Aldursmunur: N = 1307, p = 0,003\*\*.

Tafla 8 sýnir að tæplega helmingur, eða 47%, fatlaðs fólks býr í eigin húsnæði, fjórðungur (26%) í leiguhúsnæði á almennum markaði, tæpur fimmtungur, eða 18%, í leiguhúsnæði í eigu leigusamtaka, 7% hjá ættingjum/vinum og 2% búa við annars konar húsnæðisform. Hlutfallslega fleiri konur en karlar búa í eigin húsnæði (52% á móti 40%) en hlutfallslega fleiri karlar í leiguhúsnæði á almennum markaði (28% á móti 24%), leiguhúsnæði hjá leigusamtökum (21% á móti 17%) eða við annars konar húsnæðisform (10% á móti 2%). Munur á milli kynja helst marktækur hvort tveggja í yngri og í eldri aldurshópnum. Dreifingin á milli húsnæðisforma er sú sama í eldri aldurshópnum og hjá heildinni en dreifingin í yngri aldurshópnum er á hinn bóginn ólík. Hærra hlutfall ungra karla býr í eigin húsnæði (35% á móti 19,8%) eða í leiguhúsnæði hjá leigusamtökum en hærra hlutfall ungra kvenna í leiguhúsnæði á almennum markaði (44,4% á móti 17,2%) eða hjá ættingjum/vinum (19,8% á móti 15%). Munur á milli yngri og eldri aldurshópsins mælist einnig marktækur. Hærra hlutfall eldri aldurshópsins býr í eigin húsnæði (50% á móti 27%) en hærra hlutfall yngri aldurshópsins í leiguhúsnæði á almennum markaði (30% á móti 25%), hjá leigusamtökum (25% á móti 18%) eða hjá ættingjum/vinum (17% á móti 6%). Með öðrum orðum þá eru eldri konur sá hópur þar sem flestir búa í eigin húsnæði (56%) en yngri konur sá hópur þar sem flestir búa í leiguhúsnæði (60%).

**Tafla 8:** Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,000**
Eigið húsnæði	20%	35%	27%	N = 168
Leiguhúsnæði á almennum markaði	44%	17%	30%	
Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum	16%	33%	25%	
Hjá ættingjum/vinum	20%	15%	17%	
Annað	0%	0%		
<i>Eldri</i>				0,000**
Eigið húsnæði	56%	41%	50%	N = 1134
Leiguhúsnæði á almennum markaði	22%	31%	25%	
Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum	17%	18%	18%	
Hjá ættingjum/vinum	4%	9%	6%	
Annað	2%	1%	2%	
<i>Allir</i>				0,000**
Eigið húsnæði	52%	40%	47%	N = 1302
Leiguhúsnæði á almennum markaði	24%	28%	26%	
Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum	17%	21%	18%	
Hjá ættingjum/vinum	5%	10%	7%	
Annað	2%	1%	2%	

Aldursmunur: N = 1307, p = 0,000\*\*.

Þeir svarendur sem eru með börn undir 18 ára aldri á heimili sínu voru spurðir um hvort fjárskortur hefði komið í veg fyrir að þeir gætu greitt fyrir nauðsynlega hluti handa börnunum. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 9. Þær sýna að 7% fatlaðs fólks með börn hafa ekki getað greitt leikskólagjöld, 11% ekki gjöld fyrir frístund, 8% ekki skólagjöld í framhaldsskóla, 11% ekki fyrir skólabækur eða annan námskostnað, 17% ekki fyrir mat í skólanum, 30% ekki fyrir kostnað vegna skipulegra tómsunda, 12% ekki fyrir kostnað vegna skólaferðalaga, 40% ekki fyrir nauðsynlegan fatnað, 34% fyrir eins næringarríkan mat og þau telja börnin þurfa og 6% ekki fyrir annan kostnað vegna barna. Hlutfallslega fleiri konur en karlar geta ekki greitt fyrir skólagjöld í framhaldsskóla (10% á móti 3%), skólabækur eða annan námskostnað (14% á móti 5%), mat í skólanum (21% á móti 10%) og/eða kostnað vegna skipulagðra tómsunda (34% á móti 22%) en hlutfallslega fleiri karlar en konur hafa ekki getað greitt gjöld fyrir frístundaheimili (17% á móti 8%). Þessi kynjamunur á frístundagjöldunum helst hins vegar eingöngu í eldri aldurshópnum. Kynjamunur þar sem hallar á konur helst eingöngu í eldri aldurshópnum hvað varðar skólagjöld í framhaldsskóla, skólabækur og námskostnað og mat í skólanum en eingöngu í yngri aldurshópnum hvað varðar kostnað vegna skipulagðra

tómstunda. Að auki mælist marktækur aldursmunur á þremur þáttum. Hlutfallslega fleiri í yngri aldurshópnum en þeim eldri hafa ekki getað greitt leikskólagjöld (27% á móti 5%) og frístundaheimilisgjöld (27% á móti 9%) en hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum hafa ekki getað greitt skólagjöld í framhaldsskóla (8% á móti 0%). Aldursmunurinn skýrist væntanlega að miklu leyti af því að yngri hópurinn á að jafnaði yngri börn en sá eldri.

**Tafla 9:** Þættir sem ekki hefur verið hægt að greiða fyrir barn vegna fjárskorts eftir kyni og aldri.

		Konur	Karlar	Samtals	N	p
Leikskólagjöld <sup>1)</sup>	Yngri	23%	33%	27%	48	0,450
	Eldri	4%	8%	5%	424	0,114
	Allir	6%	11%	8%	472	0,064
Gjöld fyrir frístundaheimili <sup>1)</sup>	Yngri	23%	33%	27%	48	0,450
	Eldri	7%	14%	9%	424	0,010**
	Allir	8%	17%	11%	472	0,007**
Skólagjöld í framhaldsskóla <sup>1)</sup>	Yngri	0%	0%	0%	48	-
	Eldri	11%	4%	8%	425	0,015*
	Allir	10%	3%	7%	473	0,014*
Skólabækur eða annan námskostnað	Yngri	7%	0%	4%	48	0,263
	Eldri	15%	6%	12%	425	0,007**
	Allir	14%	5%	11%	473	0,004**
Mat í skólanum (í gegnum mataráskrift eða á annan hátt)	Yngri	17%	0%	10%	48	0,067
	Eldri	20%	11%	17%	424	0,014*
	Allir	20%	10%	17%	472	0,004**
Kostnað vegna skipulagðra tómsunda	Yngri	30%	0%	19%	48	0,010**
	Eldri	34%	25%	31%	425	0,068
	Allir	34%	22%	30%	473	0,012*
Kostnað vegna skólaferðalags	Yngri	7%	0%	4%	48	0,263
	Eldri	14%	9%	13%	424	0,171
	Allir	13%	8%	12%	472	0,107
Nauðsynlegan fatnað	Yngri	37%	33%	35%	48	0,815
	Eldri	43%	36%	41%	424	0,178
	Allir	42%	36%	40%	472	0,171
Eins næringarríkan mat og ég tel þau þurfa	Yngri	37%	33%	35%	48	0,815
	Eldri	37%	29%	34%	424	0,115
	Allir	37%	29%	34%	472	0,120
Annað	Yngri	0%	0%	0%	48	-
	Eldri	7%	7%	7%	424	0,940
	Allir	6%	6%	6%	472	0,897

<sup>1)</sup> Marktækur aldursmunur (N = 474): leikskólagjöld, p = 0,000\*\*, gjöld fyrir frístundaheimili, p = 0,000\*\*, skólagjöld í framhaldsskóla, p = 0,041\*.

Þá sýnir tafla 10 hversu ánægt eða óánægt fatlað fólk er með fjárhagsstöðu sína. Aðeins lítill hluti er mjög ánægður (2%) eða frekar ánægður (8%) með fjárhagsstöðuna, 21% er hvorki ánægt né óánægt, 30% frekar óánægð og 39% mjög óánægð. Tölfræðilega marktækur



aldursmunur mælist á viðhorfinu til fjárhagsstöðunnar. Hlutfallslega fleiri í yngri aldurshópnum eru hvorki ánægð né óánægð (31% á móti 20%) eða frekar óánægð (37% á móti 29%) með stöðuna en hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum eru hins vegar mjög óánægð með hana (42% á móti 22%). Þá mælist marktækur kynjamunur í yngri aldurshópnum. Hlutfallslega fleiri ungar konur eru mjög ánægðar (5% á móti 0%), frekar ánægðar (10% á móti 7%) eða mjög óánægðar með stöðuna en hlutfallslega fleiri ungir karlar hins vegar hvorki ánægðir né óánægðir (42% á móti 18%). Að öðru leyti mælist ekki tölfræðilega marktækur kynjamunur á viðhorfinu til fjárhagsstöðunnar.

**Tafla 10:** *Ánægja eða óánægja með fjárhagsstöðu eftir kyni og aldri.*

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,000**
Mjög ánægð/ur	5%	0%	2%	N = 173
Frekar ánægð/ur	10%	7%	8%	
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	18%	42%	31%	
Frekar óánægð/ur	35%	39%	37%	
Mjög óánægð/ur	33%	13%	22%	
<i>Eldri</i>				0,566
Mjög ánægð/ur	1%	3%	2%	N = 1135
Frekar ánægð/ur	8%	7%	8%	
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	20%	20%	20%	
Frekar óánægð/ur	30%	28%	29%	
Mjög óánægð/ur	41%	43%	42%	
<i>Allir</i>				0,338
Mjög ánægð/ur	2%	2%	2%	N = 1308
Frekar ánægð/ur	8%	7%	8%	
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	20%	24%	21%	
Frekar óánægð/ur	30%	30%	30%	
Mjög óánægð/ur	41%	37%	39%	

Aldursmunur: N = 1313, p = 0,000\*\*.

### 3.2.2 Fjárhagsstaða fatlaðs fólks eftir fjölskyldugerð

Fjárhagsstaða var skoðuð eftir fjölskyldugerð og hópnum skipt í fjórar fjölskyldugerðir:

- ✓ Einhleypt fólk
- ✓ Barnlaus í sambúð
- ✓ Einstæðir foreldra
- ✓ Sambúðarfólk með barn/börn.

Sömu spurningar og áður voru notaðar til að meta fjárhagsstöðuna, það er hversu auðvelt eða erfitt er að ná endum saman, hvort viðkomandi hafi fengið fjárhagsaðstoð, búi við skort á efnislegum gæðum og hvort fjárskortur hafi komið í veg fyrir að hægt væri að veita barni/börnum ýmsar nauðsynjar. Að lokum var munur eftir fjölskyldugerð á ánægju eða óánægju með fjárhagsstöðu sína um þessar mundir skoðaður.

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt fatlað fólk á með að ná endum saman eftir fjölskyldugerð eru birtar í töflu 11. Taflan sýnir marktækan mun eftir fjölskyldugerð og að hlutfallslega flestir einstæðir foreldrar (54%) og einhleypir (54%) eiga erfitt með að ná endum saman en hlutfallslega flestir í sambúð án barns nokkuð auðvelt (28%) og í sambúð með barn/börn mjög auðvelt (12%) með það. Munurinn eftir fjölskyldugerð helst marktækur hvort tveggja meðal kvenna og karla og er því óháður kyni.

**Tafla 11:** Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir fjölskyldugerð og kyni.

	Einhleypir	Í sambúð	Einstæðir foreldrar	Í sambúð með barn/börn	Samtals	p
<i>Konur</i>						
Auðvelt	2%	10%	2%	11%	6%	0,000**
Nokkuð auðvelt	11%	31%	11%	25%	20%	N = 752
Frekar erfitt	26%	31%	30%	30%	29%	
Erfitt	61%	28%	58%	34%	45%	
<i>Karlar</i>						
Auðvelt	8%	4%	5%	13%	8%	0,003**
Nokkuð auðvelt	8%	24%	20%	20%	15%	N = 472
Frekar erfitt	38%	33%	33%	35%	36%	
Erfitt	46%	39%	43%	32%	41%	
<i>Allir</i>						
Auðvelt	5%	8%	3%	12%	7%	0,000**
Nokkuð auðvelt	10%	28%	13%	23%	18%	N = 1231
Frekar erfitt	31%	32%	31%	32%	31%	
Erfitt	54%	32%	54%	34%	44%	

Tafla 12 sýnir marktækan mun eftir fjölskyldugerð þegar fjárhagsaðstoð er skoðuð. Einstæðir foreldrar með börn hafa í meira mæli þurft að nota þá fjárhagsaðstoð sem spurt var um. Ríflega tveir þriðju hlutar þeirra (67%) hafa fengið aðstoð frá ættingjum/vinum á síðastliðnum 12 mánuðum, 42% sérstakan húsnæðisstuðning, þrír af hverjum tíu (29%) mataraðstoð, 23% aðstoð frá hjálparsamtökum og 15% frá sveitarfélagi. Á eftir einstæðum foreldrum eru það einhleypir sem í öllum tilfellum hafa fengið hlutfallslega mesta aðstoð, meðal annars hafa 46%

þeirra fengið aðstoð hjá ættingjum/vinum og 25% fengið sérstakan húsnæðisstuðning, þar á eftir kemur sambúðarfólk með barn/börn, 39% hafa fengið aðstoð frá nátengdum en lægra mun lægra hlutfall aðrar gerðir aðstoðar. Hlutfallslega minnsta fjárhagsaðstoð hefur fatlað fólk sem er í sambúð án barna þurft að fá, 22% þeirra hafa fengið aðstoð frá ættingjum/vinum en mun lægra hlutfall annars konar aðstoð. Í öllum tilfellum helst marktækur munur eftir fjölskyldugerð bæði hjá körlum og konum og er munurinn því óháður kyni.

**Tafla 12:** Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir fjölskyldugerð og kyni.

		Einhleypir	Í sambúð	Einstæðir foreldrar	Í sambúð með barn/börn	Samtals	N	p
Frá sveitarfélagi	Kona	5%	3%	15%	3%	6%	750	0,000**
	Karl	5%	2%	14%	2%	4%	474	0,008**
	Allir	5%	3%	15%	3%	5%	1229	0,000**
Frá ættingjum/vinum	Kona	46%	21%	66%	39%	40%	749	0,000**
	Karl	46%	23%	73%	37%	40%	471	0,000**
	Allir	46%	22%	67%	39%	40%	1229	0,000**
Frá hjálparsamtökum	Kona	6%	3%	24%	3%	7%	749	0,000**
	Karl	5%	2%	19%	15%	7%	473	0,000**
	Allir	6%	2%	23%	7%	7%	1228	0,000**
Mataraðstoð	Kona	14%	4%	27%	6%	11%	749	0,000**
	Karl	14%	6%	36%	10%	13%	474	0,000**
	Allir	14%	5%	29%	7%	12%	1228	0,000**
Sérstakur húsnæðisstuðningur frá sveitarfélagi	Kona	22%	4%	38%	6%	16%	749	0,000**
	Karl	28%	2%	56%	5%	20%	472	0,000**
	Allir	25%	3%	42%	5%	17%	1228	0,000**

Tafla 13 sýnir fjölda tegunda fjárhagsaðstoðar sem viðkomandi hefur fengið á síðustu sex mánuðum og að marktækur munur er á fjöldanum eftir fjölskyldugerð. Hlutfallslega flestir í hópi einstæðra foreldra hafa fengið einhverja aðstoð, eða 83%, þá einhleypir (61%), sambúðarfólk með börn (43%) og loks barnlaust sambúðarfólk (25%). Sama mynstur eftir fjölskyldugerð birtist þegar hlutfall þeirra sem hafa fengið tveir eða fleiri gerðir fjárhagsaðstoðar er skoðað. Hæst er hlutfallið hjá einstæðum foreldum (54%) en lægst hjá

barnlausu sambúðarfólki (25%). Marktækur munur eftir fjölskyldugerð mælist á fjölda fjárhagsaðstoðartegunda, hvort tveggja meðal kvenna og karla og er munurinn því óháður kyni.

**Tafla 13:** Fjöldi fjárhagsaðstoðarþátta eftir fjölskyldugerð og kyni.

	Einhleypir	Í sambúð	Einstæðir foreldrar	Í sambúð með barn/börn	Samtals	p
<i>Konur</i>						
Engin fjárhagsaðstoð	38%	76%	19%	57%	50%	0,000** N = 749
Ein tegund	39%	17%	29%	33%	30%	
Tvær eða fleiri tegundir	23%	7%	53%	10%	20%	
<i>Karlar</i>						
Engin fjárhagsaðstoð	40%	76%	10%	58%	50%	0,000** N = 471
Ein tegund	35%	20%	29%	21%	28%	
Tvær eða fleiri tegundir	26%	5%	61%	21%	22%	
<i>Allir</i>						
Engin fjárhagsaðstoð	39%	76%	17%	57%	50%	0,000* N = 1231
Ein tegund	37%	18%	29%	30%	29%	
Tvær eða fleiri tegundir	24%	7%	54%	13%	21%	

Niðurstöður á mælingum á níu þáttum efnislegs skorts eftir fjölskyldugerð eru birtar í töflu 14 og sýna að í öllum tilvikum mælist marktækur munur eftir fjölskyldugerð. Hlutfallslega flestir einstæðir foreldrar geta ekki staðið í skilum á þáttum sem tengjast því að bera langtímaábyrgð á heimilisrekstri og eru í vanskilum á leigu/lánnum (29%), geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (81%) og hafa hvorki efni á árlegu frí með fjölskyldunni (67%) né á staðgóðri máltíð annan hvern dag (38%). Hlutfall einhleypra sem hafa ekki efni á þessum fjórum þáttum er í öllum tilfellum næsthæst (20%, 68%, 63% og 31%). Hlutfallslega flestir einhleypir hafa ekki efni á tækjum sem þykja nauðsynjavara í nútímasamfélagi, á síma (5%), sjónvarpstæki (14%), þvottavél (16%) og/eða bíl (33%). Hlutfall einstæðra foreldra sem hafa ekki efni á þessum tækjum er í öllum tilfellum heldur lægra (3%, 10%, 12% og 30%). Hins vegar hefur hlutfallslega flest sambúðarfólk með börn ekki efni á nægri upphitum (6%) en hlutfall barnlauss sambúðarfólks er lægst í öllum níu mælingum efnislegs skorts.

Marktækur munur eftir fjölskyldustöðu helst í öllum tilfellum meðal karla ef undan eru skilin vanskil á leigu/lánum og í öllum tilfellum meðal kvenna nema hvað varðar að hafa ekki efni á nægilegri upphitun. Mynstrið eftir fjölskyldugerð helst einnig að mestu leyti það sama. Hlutfall sambúðarfólks án barna er í öllum tilfellum lægst meðal kvenna og í öllum tilfellum nema að hafa ekki efni á bíl á meðal karla þar sem hlutfall sambúðarfólks með börn er lægra (10% á móti 13%). Hlutfall sambúðarfólks með börn er síðan í öllum tilfellum næstlægst hjá konum og í meirihluta tilfella hjá körlum. Meðal karla eru undantekningarnar að hlutfall þeirra sem ekki hafa efni á bíl er hæst meðal þeirra sem eru í sambúð með börn eins og áður segir og það sama á við um að hafa ekki efni á nægri upphitun. Þá er hærra hlutfall karla í sambúð með börn en einhleypra karla og karla í sambúð án barna í vanskilum og sem getur ekki mætt óvæntum útgjöldum. Þá sýnir kynjagreiningin að það er fyrst og fremst meðal karla sem fleiri einhleypir en einstæðir foreldrar hafa ekki efni á tækjum sem þykja nauðsynjavara í nútímapjórðfélagi. Samantekið þá er munur eftir fjölskyldugerð á efnislegum skorti hins vegar að mestu óháður kyni eins og sést í töflunni hér á eftir um fjölda þátta sem efnislegur skortur er á.

**Tafla 14:** Efnislegur skortur eftir fjölskyldugerð og kyni.

		Einhleypir	Í sambúð	Einstæðir foreldrar	Í sambúð með barn/börn	Samtals	N	P
Vanskil á leigu/lánum	Kona	19%	13%	27%	15%	18%	748	0,009**
	Karl	20%	15%	34%	21%	20%	469	0,067
	Allir	20%	14%	29%	18%	19%	1227	0,000**
Ekki árlegt frí með fjölskyldu	Kona	65%	31%	74%	47%	53%	750	0,000**
	Karl	61%	38%	46%	46%	51%	469	0,000**
	Allir	63%	33%	67%	47%	52%	1225	0,000**
Ekki staðgóð máltíð	Kona	39%	11%	41%	16%	26%	750	0,000**
	Karl	22%	8%	29%	21%	19%	472	0,002**
	Allir	31%	10%	38%	18%	23%	1227	0,000**
Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum	Kona	76%	45%	80%	55%	63%	748	0,000**
	Karl	61%	45%	86%	68%	60%	470	0,000**
	Allir	69%	45%	81%	59%	62%	1227	0,000**
Ekki efni á síma	Kona	6%	0%	3%	3%	3%	749	0,006**
	Karl	3%	0%	5%	0%	2%	470	0,050*
	Allir	5%	1%	3%	2%	3%	1225	0,003**
Ekki efni á sjónvarpstæki	Kona	15%	3%	8%	5%	8%	749	0,000**
	Karl	14%	4%	14%	5%	10%	470	0,006**
	Allir	14%	4%	10%	5%	9%	1226	0,000**
Ekki efni á þvottavél	Kona	16%	3%	10%	6%	9%	749	0,000**
	Karl	16%	2%	19%	5%	10%	471	0,000**
	Allir	16%	3%	12%	5%	10%	1225	0,000**
Ekki efni á bíl	Kona	29%	9%	24%	13%	19%	750	0,000**
	Karl	37%	13%	46%	10%	27%	471	0,000**
	Allir	33%	10%	30%	12%	22%	1228	0,000**
Ekki nægileg upphitun	Kona	6%	1%	4%	3%	4%	750	0,058
	Karl	5%	3%	10%	13%	6%	471	0,030*
	Allir	5%	2%	5%	6%	5%	1225	0,050*

Tafla 15 sýnir hversu mörgum þeirra níu efnislegu þátta sem mældir voru í töflu 14 þátttakendur hafa ekki efni á eftir fjölskyldugerð. Eins og áður sýna niðurstöðurnar marktækan mun eftir fjölskyldugerð og sambærilegt mynstur fjárhagserfiðleika. Aðeins tíunda hvert einstætt foreldri (10%) skorti engin þeirra níu tegunda efnislegra gæða sem spurt var um en það átti við um 16% einhleypra, 29% sambúðarfólks með börn og 47% sambúðarfólks án barna. Að sama skapi skortir 30% einstæðra foreldra fjórar eða fleiri tegundir þeirra efnislegu

gæða sem spurt var um, 27% einhleypra, 16% sambúðarfólks með börn en 7% barnlauss sambúðarfólks. Marktækur munur eftir fjölskyldugerð mælist hvort tveggja meðal kvenna og karla. Munurinn eftir fjölskyldugerð er því óháður kyni.

*Tafla 15: Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir fjölskyldugerð og kyni.*

	Einhleypir	Í sambúð	Einstæðir foreldrar	Í sambúð með barn/börn	Samtals	P
<i>Kona</i>						
Enginn	13%	49%	9%	32%	27%	0,000**
Einn	17%	17%	15%	23%	18%	N = 751
Tveir	19%	16%	18%	25%	19%	
Þrír	18%	12%	30%	10%	16%	
Fjórir eða fleiri	33%	7%	29%	11%	20%	
<i>Karl</i>						
Enginn	19%	45%	14%	23%	26%	0,000*
Einn	12%	14%	10%	35%	16%	N = 470
Tveir	27%	22%	31%	11%	23%	
Þrír	23%	11%	12%	6%	16%	
Fjórir eða fleiri	19%	8%	33%	24%	18%	
<i>Allir</i>						
Enginn	16%	47%	10%	29%	27%	0,000*
Einn	15%	16%	13%	27%	17%	N = 1225
Tveir	23%	18%	21%	20%	21%	
Þrír	21%	11%	25%	8%	16%	
Fjórir eða fleiri	27%	7%	30%	16%	19%	

Tafla 16 sýnir marktækan mun á stöðunni á húsnæðismarkaði eftir fjölskyldugerð. Um eða yfir þrefalt herra hlutfall sambúðarfólks með (72%) og án barna (72%) býr í eigin húsnæði en hlutfall einstæðra foreldra (22%) og einhleypra (28%) sem það gera. Að sama skapi búa tvö- til þrefalt fleiri einstæðir foreldrar (69%) og einhleypir (60%) í leiguhúsnæði en sambúðarfólk með (22%) og án barna (25%). Einstæðir foreldrar (31%) og einhleypir (27%) hafa hins vegar meiri möguleika á leiguhúsnæði hjá leigusamtökum en sambúðarfólk með (8%) og án barna (5%). Þá búa hlutfallslega fleiri einhleypir hjá ættingjum/vinum (11%) en hlutfallslega fæst barnlaust sambúðarfólk (2%). Marktækur munur eftir fjölskyldugerð mælist hvort tveggja meðal kvenna og karla og helst fjölskyldugerðarmynstrið nokkurn veginn það sama í báðum hópum.

**Tafla 16:** Staða á húsnæðismarkaði eftir fjölskyldugerð og kyni.

	Einhleypir	Í sambúð	Einstæðir foreldrar	Í sambúð með barn/börn	Samtals	p
<i>Konur</i>						
Eigið húsnæði	33%	74%	25%	76%	53%	0,000*
Leiguhúsnæði á almennum markaði	33%	16%	37%	13%	24%	N = 752
Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum	24%	8%	29%	5%	16%	
Hjá ættingjum/vinum	8%	2%	8%	4%	5%	
Annað	2%	2%	1%	2%	2%	
<i>Karlar</i>						
Eigið húsnæði	21%	69%	12%	66%	41%	0,000*
Leiguhúsnæði á almennum markaði	32%	25%	42%	16%	28%	467
Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum	32%	2%	37%	12%	21%	
Hjá ættingjum/vinum	15%	3%	10%	6%	10%	
Annað	0%	2%	0%	0%	0%	
<i>Allir</i>						
Eigið húsnæði	28%	72%	22%	72%	48%	0,000*
Leiguhúsnæði á almennum markaði	33%	19%	38%	15%	26%	N = 1224
Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum	27%	5%	31%	8%	18%	
Hjá ættingjum/vinum	11%	2%	9%	5%	7%	
Annað	1%	1%	1%	1%	1%	

Þeir svarendur sem eru með börn undir 18 ára aldri á heimili sínu voru spurðir um það hvort fjárskortur hefði komið í veg fyrir að þeir gætu greitt fyrir nauðsynlega hluti handa börnunum. Niðurstöðurnar á mun eftir fjölskyldugerð eru birtar í töflu 17 og sýna tölfræðilega marktækan mun í átta mælingum af tíu. Hlutfallslega fleiri einstæðir foreldrar en sambúðarfólk með börn geta ekki greitt fyrir frístund (19% á móti 8%), skólagjöld í framhaldsskóla (10% á móti 5%), mat í skólanum (22% á móti 15%), kostnað vegna skipulagðra tómsunda (44% á móti 25%) og/eða skólaferðalaga (19%), nauðsynlegan fatnað (52% á móti 35%), eins næringarríkan mat



og þeir telja börnin þurfa (44% á móti 31%) og/eða annan kostnað (10% á móti 4%). Munurinn er hins vegar ekki tölfræðilega marktækur hvað varðar leikskólagjöld og skólabækur eða annan námskostnað þótt í báðum tilfellum sýni niðurstöðurnar nokkuð hærra hlutfall einstæðra foreldra en sambúðarfólks með börn (11% á móti 7% og 14% og 10%).

Þegar munurinn eftir fjölskyldugerð er greindur eftir kyni hverfur marktæknin hjá konum hvað varðar gjöld fyrir frístundaheimili og skólagjöld í framhaldsskóla og hjá körlunum hvað varðar nauðsynlegan fatnað og næringarríkan mat. Að auki mælist marktækur munur meðal karla á leikskólagjöldunum og meðal kvenna á skólabókum og öðrum námskostnaði. Í öllum tilfellum, og raunar einnig þar sem munur mælist ekki marktækur, eru það hlutfallslega fleiri einstæðir foreldrar en foreldrar í sambúð sem ekki geta greitt fyrir viðkomandi þátt. Munurinn eftir fjölskyldugerð er því að mestu leyti óháður kyni.

**Tafla 17:** Þættir sem ekki hefur verið hægt að greiða fyrir barn/börn vegna fjárskorts eftir fjölskyldugerð og kyni.

		Einstæðir foreldrar	Sambúðarfólk með barn/börn	Samtals	N	p
Leikskólagjöld	Konur	7%	6%	7%	294	0,704
	Karlar	23%	7%	12%	128	0,008**
	Allir	11%	7%	9%	424	0,086
Gjöld fyrir frístund	Konur	12%	7%	9%	294	0,704
	Karlar	43%	10%	20%	129	0,008**
	Allir	19%	8%	13%	424	0,000**
Skólagjöld í framhaldsskóla	Konur	13%	8%	10%	295	0,178
	Karlar	5%	0%	2%	129	0,033*
	Allir	10%	5%	7%	424	0,044*
Skólabækur eða annar námskostnaður	Konur	19%	11%	14%	294	0,049*
	Karlar	14%	9%	11%	129	0,093
	Allir	14%	9%	11%	424	0,110
Matur í skólanum (í gegnum mataráskrift eða á annan hátt)	Konur	28%	16%	21%	295	0,013*
	Karlar	5%	13%	10%	128	0,193
	Allir	22%	15%	18%	424	0,050*
Kostnaður vegna skipulagðra tómsunda	Konur	44%	29%	35%	294	0,006**
	Karlar	43%	17%	25%	129	0,002**
	Allir	44%	25%	32%	424	0,000**
Kostnaður vegna skólaferðalags	Konur	20%	10%	14%	295	0,009**
	Karlar	15%	5%	8%	129	0,039*
	Allir	19%	8%	12%	425	0,000**
Nauðsynlegur fatnaður	Konur	53%	37%	44%	295	0,007**
	Karlar	48%	32%	36%	129	0,080
	Allir	52%	35%	42%	424	0,001**
Næringarríkur matur	Konur	48%	29%	37%	295	0,001**
	Karlar	30%	32%	31%	129	0,837
	Allir	44%	31%	36%	425	0,008**
Annað	Konur	9%	2%	5%	294	0,008*
	Karlar	10%	6%	7%	129	0,366
	Allir	10%	4%	6%	424	0,009**

Tafla 18 sýnir hversu ánægt eða óánægt fatlað fólk er með fjárhagsstöðu sína eftir fjölskyldugerð. Marktækur munur mælist og er óánægjan meiri meðal einstæðra foreldra og einhleypra en á meðal sambúðarfólks. Samtals 41% einstæðra foreldra er mjög óánægt með

fjárhagsstöðuna og 38% eru frekar óánægð en það á við um 45% og 29% einhleypra, 36% og 27% sambúðarfólks með börn og 31% og 30% barnslaus sambúðarfólks. Að sama skapi er hærra hlutfall sambúðarfólks en einstæðra foreldra og einhleypra hvorki ánægt né óánægt eða frekar eða mjög ánægt. Munurinn á ánægjunni með fjárhagsstöðuna eftir fjölskyldugerð helst bæði marktækur meðal kvenna og karla og er því að mestu óháður kyni.

**Tafla 18:** *Ánægja eða óánægja með fjárhagsstöðu sína eftir fjölskyldugerð og kyni.*

	Einhleypir	Í sambúð	Einstæðir foreldrar	Í sambúð með barn/börn	Samtals	p
<i>Kona</i>						
Mjög ánægð	0%	3%	1%	3%	2%	0,000**
Frekar ánægð	4%	13%	6%	12%	9%	N = 753
Hvorki ánægð né óánægð	12%	25%	19%	22%	19%	
Frekar óánægð	29%	32%	34%	28%	31%	
Mjög óánægð	54%	27%	41%	36%	40%	
<i>Karl</i>						
Mjög ánægður	2%	0%	0%	2%	2%	0,016*
Frekar ánægður	5%	10%	0%	12%	7%	N = 471
Hvorki ánægður né óánægður	28%	25%	10%	27%	25%	
Frekar óánægður	29%	26%	51%	26%	30%	
Mjög óánægður	36%	39%	39%	33%	37%	
<i>Allir</i>						
Mjög ánægðir	1%	2%	1%	3%	2%	0,000*
Frekar ánægðir	4%	12%	4%	12%	8%	N = 1230
Hvorki ánægðir né óánægðir	20%	25%	17%	23%	22%	
Frekar óánægðir	29%	30%	38%	27%	30%	
Mjög óánægðir	45%	31%	41%	36%	39%	

### 3.2.3 Fjárhagsstaða fatlaðs fólks borin saman við stöðu launafólks og atvinnulausra

Fjárhagsspurningarnar sem lagðar voru fyrir í þessari könnun eru að hluta til þær sömu og lagðar voru fyrir félagsfólk innan aðildarféлага ASÍ og BSRB í lok síðasta árs og niðurstöðurnar því samanburðarhæfar (Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson, 2021). Í töflunni hér á eftir eru bornar saman niðurstöður úr könnunum tveimur hvað varðar að ná endum saman, að hafa fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi, fjárhagsaðstoð frá ættingjum/vinum, fjárhagsaðstoð frá hjálparsamtökum,

mataraðstoð, að vera í vanskilum, geta ekki mætt óvæntum útgjöldum, hafa ekki efni á árlegu fríi, staðgóðri máltíð, bíl og að skorta þrjá eða fleiri af þeim efnislegu þáttum sem mældir voru. Í samanburðinum er félagsfólk aðildarfélaga innan ASÍ og BSRB aðgreint eftir því hvort það var með vinnu eða var atvinnulaust.

Tafla 19 sýnir að fjárhagsleg staða fatlaðs fólks er sýnu verri en fjárhagslega staða atvinnulauss félagsfólks innan ASÍ og BSRB og mikið verri en staða félagsfólks innan heildarsamtakanna tveggja sem er með vinnu. Hærra hlutfall fatlaðs fólks en hinna hópanna tveggja á þannig í fjárhagserfiðleikum í öllum mælingum sem hér eru skoðaðar ef undan er skilin fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi. Þar er hlutfall atvinnulausra hærra en hlutfall fatlaðs fólks (11% á móti 5%). Í öðrum mælingum hallar verulega á fatlað fólk og þá sérstaklega í samanburði við launafólk. Þar er munurinn í öllum tilfellum margfaldur. Má þar nefna að 44% fatlaðs fólks eiga erfitt með að ná endum saman en það á við um 7% launafólks og 24% atvinnulausra, 41% fatlaðs fólks fær fjárhagsstuðning frá ættingjum/vinum en 9% launafólks og 18% atvinnulausra. Þá geta 62% fatlaðs fólks ekki mætt óvæntum útgjöldum en 19% launafólks og 40% atvinnulausra og 36% fatlaðs fólks búa við efnislegan skort samkvæmt opinberum viðmiðum en 20% atvinnulausra og 6% launafólks. Sami munur á milli fatlaðs fólks og félagsfólks innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB helst hvort tveggja meðal kvenna og karla og er þannig óháður kyni.

**Tafla 19:** Samanburður á fjárhagsstöðu fatlaðs fólks og launafólks og atvinnulausra innan ASÍ og BSRB eftir kyni.

Fjárhagsþáttur	Fatlað fólk			Launafólk			Atvinnulaus		
	Konur	Karlar	Allir	Konur	Karlar	Allir	Konur	Karlar	Allir
Erfitt að ná endum saman	46%	42%	44%	9%	4%	7%	21%	29%	24%
Fjárhagsaðstoð:									
Frá sveitarfélagi	6%	4%	5%	1%	2%	2%	10%	12%	11%
Frá ættingjum/vinum	40%	42%	41%	11%	8%	9%	19%	17%	18%
Frá hjálparsamtökum	7%	7%	7%	1%	1%	1%	2%	5%	3%
Mataraðstoð	11%	13%	12%	1%	0%	1%	7%	7%	7%
Engin aðstoð	50%	48%	50%	88%	91%	89%	73%	74%	73%
Skortur á efnislegum gæðum:									
Vanskil á leigu/lánnum	17%	21%	19%	5%	4%	5%	12%	16%	14%
Ekki árlegt frí	53%	51%	52%	17%	10%	14%	31%	36%	33%
Ekki staðgöð máltíð	26%	18%	23%	4%	2%	3%	11%	15%	12%
Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum	63%	60%	62%	22%	15%	19%	39%	40%	39%
Ekki efni á bíl	19%	26%	22%	6%	4%	5%	16%	19%	17%
Skortir þrjár eða fleiri tegundir af nýu tegundum mældra efnislegra gæða	37%	34%	36%	7%	5%	6%	19%	22%	20%

### 3.2.4 Samanburður á fjárhagsstöðu fatlaðs fólks 2009 og 2021

Í rannsókn sem gerð var á högum öryrkja árið 2009 var spurt um húsnæðisstöðu og ánægju eða óánægju með fjárhagsstöðu (Guðrún Hannesdóttir, 2010). Samanburður á niðurstöðum úr þeirri rannsókn og niðurstöðunum úr núverandi rannsókn birtist hér á eftir. Þá eru niðurstöður úr könnuninni frá 2009 á hlutfalli fatlaðs fólks sem á í erfiðleikum með hin venjulegu útgjöld bornar saman við niðurstöður nýju könnunarinnar á því hvernig gengur að ná endum saman. Hafa ber í huga að ekki er um sömu spurningu að ræða. Engu að síður mæla þær nokkurn veginn sama hlutinn og því vert að bera niðurstöðurnar saman. Það er því gert í töflu 23.

Í töflu 20 eru niðurstöðurnar á húsnæðisstöðu bornar saman við niðurstöður könnunar frá 2009 (Guðrún Hannesdóttir, 2010). Samanburðurinn sýnir að mun lægra hlutfall fatlaðs fólks býr í eigin húsnæði nú en þá og hefur hluturinn farið úr ríflega tveimur þriðju niður í

tæplega helming. Hlutur fatlaðs fólks sem býr í leiguhúsnæði hefur að sama skapi hækkað úr fjórðungi í upp undir helming. Við samanburðinn verður þó að hafa í huga að fjöldi heimila í leiguhúsnæði á Íslandi hefur hækkað töluvert á þessari öld. Árið 2004 voru 20% íslenskra heimila á leigumarkaði, Hlutfallið var komið í 26% árið 2014 og í 32% 2019 (Hagstofa Íslands, 2021). Hlutfallsleg fjölgun fatlaðs fólks í leiguhúsnæði frá 2009 til 2021 er engu að síður mun meiri en hlutfallsleg fjölgun íslenskra heimila frá 2004 til 2019, eða 79% á móti 60%.

**Tafla 20:** Samanburður á húsnæðisstöðu fatlaðs fólks árin 2009 og 2021.

Ár	Eigið húsnæði	Leiguhúsnæði	Býr hjá ættingja	Annað
2009 <sup>1)</sup>	68%	25%	5%	2%
2021	47%	44%	7%	2%

<sup>1)</sup> Heimild: Guðrún Hannesdóttir (2010, bls. 26).

Í töflu 21 eru niðurstöðurnar á ánægju eða óánægju fatlaðs fólks með fjárhagsstöðu sína bornar saman við niðurstöður könnunar frá 2009 (Guðrún Hannesdóttir, 2010). Samanburðurinn leiðir í ljós mun meiri óánægju með fjárhagsstöðuna nú á tímum kórónuveirunnar en var skömmu eftir bankahrunið. Þá voru 47% fatlaðs fólks frekar eða mjög óánægð með fjárhagsstöðuna en hlutfallið er 69% nú og þá voru 23% frekar eða mjög ánægð með stöðuna en einungis 9,5% nú.

**Tafla 21:** Samanburður á ánægju eða óánægju fatlaðs fólks með fjárhagsstöðu sína árin 2009 og 2021.

	2009 <sup>1)</sup>	2021
Mjög ánægð	7%	2%
Frekar ánægð	16%	8%
Hvorki ánægð né óánægð	30%	21%
Frekar óánægð	18%	30%
Mjög óánægð	29%	39%

<sup>1)</sup> Heimild: Guðrún Hannesdóttir (2010, bls. 47).

Tafla 22 sýnir að nákvæmlega sama hlutfall fatlaðs fólks átti í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld í könnuninni 2009 og á í erfiðleikum með að ná endum saman nú, eða 44%.

**Tafla 22:** Samanburður á erfiðleikum við að greiða venjuleg útgjöld 2009 og við að ná endum saman 2021.

	2009 <sup>1)</sup>	2021
Erfiðleikar við að greiða hin venjulegu útgjöld	44%	
Erfiðleikar við að ná endum saman		44%

<sup>1)</sup> Heimild: Guðrún Hannesdóttir (2010, bls. 48).

### 3.2.5 Samanburður við niðurstöður úr Lífskjarakönnun Hagstofunnar

Mælingar á efnislegum skorti sem notaðar voru í könnuninni eru fengnar úr Lífskjarakönnun Hagstofunnar og niðurstöður úr könnuninum tveimur því sambærilegar. Í töflu 24 eru niðurstöður úr Lífskjarakönnunum Hagstofunnar á hlutfalli landsmanna sem voru í vanskilum á lánum eða leigu árið 2018 (Hagstofa Íslands, e.d.) og á hlutfalli landsmanna sem skorti þrjár eða fleiri tegundir efnislegra gæða árið 2019 (Hagstofa Íslands, 2021) bornar saman við hlutföllin hjá fötluðu fólki í núverandi rannsókn.

Samanburðurinn í töflu 23 bendir til að mun hærra hlutfall fatlaðs fólks en landsmanna allra eigi í fjárhagserfiðleikum. Þannig er tæplega fimmti hver fatlaður einstaklingur í vanskilum en það á við um tæplega tuttugasta hvern landsmann og ríflega þriðji hver fatlaður einstaklingur býr við efnislegan skort eins og hann er skilgreindur af Hagstofu Íslands en það á hins vegar ekki við um nema ríflega tuttugasta hvert heimili hérlendis. Við samanburðinn þarf að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi er fatlað fólk inni í niðurstöðunum yfir alla landsmenn og hífir hlutfallið þar eitthvað upp. Í öðru lagi eru tölurnar yfir alla landsmenn frá árunum 2018 og 2019 en kjör landsmanna versnuðu heilt yfir þegar kórónuveirufaraldurinn skall á árið 2020 (Seðlabanki Íslands, 2021).

**Tafla 23:** Samanburður á vanskilum á lánum og efnislegum skorti við Lífskjararannsókn Hagstofunnar.

	Fatlað fólk 2021	Allir landsmenn 2018–2019 <sup>1)</sup>
Vanskil á lánum eða leigu	19%	5%
Skortir þrjár eða fleiri tegundir af ný mældum tegundum efnislegra gæða	36%	5%

<sup>1)</sup> Heimild: Hagstofa Íslands.

### 3.2.6 Samantekt – fjárhagsstaða fatlaðs fólks

Niðurstöðurnar sýna að stór hópur fatlaðs fólks á í fjárhagserfiðleikum. Þrír fjórðu hlutar þeirra eiga frekar erfitt eða erfitt með að ná endum saman, helmingur hefur fengið fjárhagsaðstoð af einhverju tagi síðustu 12 mánuðina og innan við helmingur býr í eigin húsnæði. Ríflega sex af hverjum tíu geta ekki mætt óvæntum útgjöldum, tæplega fjórðungur hefur ekki efni á staðgóðri máltíð annan hvern dag, ríflega fimmtungur hefur ekki efni á bíl og tæplega fimmtugur hefur verið í vanskilum með leigu og/eða lán. Þá býr ríflega þriðjungur við efnislegan skort eins og hann er metinn af opinberum aðilum (Hagstofa Íslands, 2018). Þessir fjárhagserfiðleikar endurspeglast í viðhorfi fatlaðs fólks til fjárhagsstöðu sinnar. Nærri fjórir af hverjum tíu eru mjög óánægðir með fjárhagsstöðu sína en aðeins 2% eru mjög ánægð með hana.

Niðurstöðurnar sýna nokkurn aldursmun í fjárhagserfiðleikunum sem að einhverju leyti er líka tengdur kyni. Eldri aldurshópurinn og ungar konur eru þeir hópar sem líklegastir eru með að eiga erfitt með að ná endum saman og eldri aldurshópurinn er líklegri en yngri til að vera mjög óánægður með fjárhagstöðu sína. Yngri aldurshópurinn er hins vegar líklegri en sá eldri til að hafa fengið einhverja fjárhagsaðstoð, til að þurfa að neita sér um tvenns konar, þrenns konar eða fleiri efnisleg gæði sem og til þess að búa í leiguhúsnæði. Að auki er unga fólkið líklegra en það eldra til að þurfa að neita sér um árlegt sumarfrí, þvottavél og/eða um bíl. Kynjamunur birtist hins vegar í því að þurfa að neita sér um staðgóða máltíð. Konur eru líklegri til þess en karlar. Munur eftir aldri og kyni sést einnig í því hvernig fjárhagsaðstoð fatlað fólk þarf að sækja sér. Eldri aldurshópurinn er líklegri en sá yngri til að hafa fengið mataraðstoð, þá sérstaklega eldri karlar, en yngri aldurshópurinn er líklegri en sá eldri til að hafa fengið fjárhagsaðstoð frá ættingjum/vinum, frá hjálparsamtökum sem og að hafa fengið sérstakan húsnæðisstuðning. Þá eru yngri konur líklegastar til að hafa fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi og til þess að búa í leiguhúsnæði. Eldri konur eru hins vegar sá hópur sem líklegastur er til þess að búa í eigin húsnæði.

Að auki sýna niðurstöðurnar verulegan mun á fjárhagsstöðunni eftir fjölskyldugerð og á heildina litið eru það einstæðir foreldrar sem búa við allra þrengsta kostinn, þá einhleypt fólk, síðan sambúðarfólk með börn en sambúðarfólk án barna er sá fjölskylduhópur sem hefur það skást. Meðal annars eiga 85% fatlaðs fólks sem eru einstæðir foreldrar erfitt eða frekar erfitt með að ná endum saman, átta af hverjum tíu geta ekki mætt óvæntum útgjöldum, 69% þeirra búa í leiguhúsnæði og 55% búa við efnislegan skort. Þegar kemur að því að hafa ekki efni á tækjum sem teljast nauðsynjavara í samfélagi okkar er hlutur einhleypra hins vegar heldur hærri en hlutur einstæðra foreldra og sama hlutfall þeirra og einstæðra foreldra á í vandræðum með að ná endum saman. Munurinn eftir fjölskyldugerð er að mestu óháður kyni.

Þröng fjárhagsstaða margs fatlaðs fólks bitnar á börnum þess, samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar. Þannig eiga fjórir af hverjum tíu með börn undir 18 ára aldri á heimilinu ekki fyrir nauðsynlegum fatnaði á börnin, ríflega þriðjungur getur ekki keypt eins næringarríkan mat og hann telur börnin þurfa, þrír af hverjum tíu geta ekki greitt fyrir skipulagðar tómsundur og sjötti hver getur ekki greitt fyrir mat í skóla barnanna. Enginn aldursmunur mælist á þeim kostnaðarliðum sem dreifast nokkuð jafn yfir aldur barnanna, það er að geta ekki keypt nauðsynlegan fatnað og næringarríkan mat fyrir börnin. Þau yngri eru líklegri til að geta ekki greitt leikskólagjöld og þau eldri til að geta ekki greitt fyrir kostnað vegna framhaldsskólagöngu. Kynjamunur á því að eiga ekki fyrir útgjöldum vegna barnanna sinna er óverulegur. Í öllum útgjaldaliðunum sem spurt var um mælist hins vegar munur á milli



einstæðra foreldra og sambúðarfólks með börn. Í öllum tilfellum er hlutfall einstæðra foreldra hærra og í sumum tilfellum sláandi hátt. Ríflega helmingur einstæðra foreldra getur þannig ekki keypt nauðsynlegan fatnað á börnin sín, um 44% ekki næringarríkan mat fyrir þau og sama hlutfall ekki greitt kostnað vegna skipulegra tómstunda. Þessi munur eftir fjölskyldugerð er að mestu óháður kyni.

Ríflega fjórir af hverjum tíu fatlaðra einstaklinga hafa fengið fjárhagsaðstoð frá ættingjum og/eða vinum á síðustu tólf mánuðum og eru hlutfallið enn hærra meðal ungs fatlaðs fólks og einstæðra foreldra. Nærri sex af hverjum tíu í yngri aldurshópnum hafa fengið slíka aðstoð frá nátingdum og tveir af hverjum þremur einstæðum foreldrum. Það er því ljóst að margt fatlað fólk er ekki fjárhagslega sjálfstætt gagnvart sínum nánustu og að það á við um meirihluta ungs fatlaðs fólks og einstæða foreldra með fötlun.

### 3.2.7 Summary – Financial situation

The results show that many disabled people are in financial difficulty. Three-quarters of respondents find it difficult or rather difficult to make ends meet, half have received financial support of some kind in the last 12 months and less than half live in their own dwelling. Just over six in ten cannot afford unexpected expenses, just over a quarter cannot afford a solid meal every other day, just over a fifth cannot afford a car and just over a fifth have fallen into arrears with their rent and/or loans. Just over a third suffer from a lack of material resources, as assessed by public authorities (Statistics Iceland, 2018). Such financial difficulties are reflected in the attitudes of disabled people toward their financial situation. Almost four in ten are very dissatisfied with their financial situation, while just 2% are very satisfied.

The results show that financial difficulties vary according to age and depend to some extent on gender. Older people generally and young women are the most likely to find it difficult to make ends meet, and older people are more likely than younger people to be very dissatisfied with their financial situation. Younger people, on the other hand, are more likely than older people to have received some kind of financial support, to have denied themselves two or more forms of financial luxury, or to live in rented accommodation. In addition, young people are more likely than older people to need to deny themselves an annual summer holiday, a washing machine and/or a car. There is a gender gap when it comes to the need to deny oneself a solid meal, with women being less likely to need to do so than men. There is also a difference in age and gender as regards what type of financial support disabled people need to avail themselves of. Older people are more likely than younger people to have received food support – particularly older men – while younger people are more likely than older people to

have received financial support from friends/relatives or aid organisations or to have received special housing support. Younger women are the most likely to have received financial support from local authorities or to be living in rented accommodation. Older women, on the other hand, are the most likely to be living in their own dwelling.

The results also reveal significant differences in financial situation according to family composition – on the whole, single parents are the worst off, followed by single individuals, then couples with children and finally, couples without children, who are in the best situation. The results include the following: 85% of disabled single parents find it difficult or rather difficult to make ends meet, eight in ten are unable to afford unexpected expenses, 69% live in rented accommodation and 55% suffer from a lack of material resources. As regards not being able to afford appliances considered necessary in today's society, single individuals are significantly more affected than single parents, while a similar percentage of both find it difficult to make ends meet. Differences according to family composition are generally independent of gender.

The results of the survey show that the difficult financial situation suffered by disabled people affects their children. Four in ten respondents with children under the age of 18 at home cannot afford necessary clothing for their children, just over a third cannot afford as nutritious food as they feel their children need, three in ten cannot afford organised leisure activities and one in six cannot afford school food for their children. No age difference is detected as regards expenses which generally apply to children of all ages, i.e. purchasing necessary clothes and nutritious food. Young people are more likely not to be able to afford school fees, and older people are more likely not to be able to cover the costs of attending upper-secondary school. There is no significant gender gap when it comes to not being able to afford expenses for children. A difference does, however, emerge for all types of expenses between single parents and couples with children. In all cases, the percentage of single parents is higher, sometimes strikingly high. Just over half of single parents are unable to afford necessary clothing for their children, while around 44% cannot afford nutritious food for them. The same percentage is unable to afford the costs of organised leisure activities. Differences according to family composition are generally independent of gender.

Just over four in ten disabled individuals have received financial support from relatives and/or friends in the last twelve months. The percentage is even higher among young disabled people and single parents. Almost six in ten young people have received such support from close relatives, as have two in three single parents. It is therefore clear that many disabled

people are not financially independent from their closest relatives, including most young disabled people and single disabled parents.

### 3.3 Heilsufar

Þeir heilsufarsþættir sem notaðir voru til að meta heilsufar voru: Sjálfsmat á nýu einkennum vanlíðanar og heildarmat á andlegri heilsu samkvæmt PHQ-9 skalanum og sjálfsmat á líkamlegri heilsu nú um stundir. Að auki var spurt hvort þátttakendur hefðu neitað sér um heilbrigðisþjónustu, hvers kyns heilbrigðisþjónustu þeir hefðu neitað sér um og ástæður þess. Allir heilsufarsþættirnir voru greindir eftir kyni og aldri.

#### 3.3.1 Andleg og líkamleg heilsa

Í þessum undirkafla birtast niðurstöður varðandi andlega heilsu, líkamlega heilsu og sambandið á milli þessara tveggja heilsufarsþátta.

Tafla 24 sýnir að andleg vanlíðan er algeng meðal fatlaðs fólks. Þannig segist rúmlega helmingur þess, eða 54%, finna nánast daglega fyrir þreytu og orkuleysi, 39% eiga erfitt með að sofna nánast allar nætur eða sofa alla nóttina, ríflega þriðjungur (35%) líður nánast daglega illa með sig, ríflega fjórðungur (27%) á í erfiðleikum með einbeitingu og sama hlutfall (26%) finnur fyrir litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina, tæpur fjórðungur (24%) býr við nánast daglegt lystarleysi eða ofát, 22% eru niðurdregin eða vonlaus, 15% hreyfa sig eða tala svo hægt að aðrir hafa tekið eftir eða hið gagnstæða og 7% hugsa nánast daglega um að það væri betra að vera dáið eða um að skaða sig á einhvern hátt.

Kynjamunur birtist í sumum einkennum. Hlutfallslega fleiri konur en karlar finna nánast daglega fyrir þreytu og orkuleysi (59% á móti 46%) og fyrir lystarleysi eða ofáti (27% á móti 18%) og helst sá kynjamunur bæði í yngri og eldri aldurshópnum. Hins vegar hugsa hlutfallslega fleiri karlar en konur nánast daglega um að það væri betra að deyja eða um að skaða sig (7% á móti 6%). Sá munur mælist hins vegar eingöngu marktækur í eldri aldurshópnum (9% á móti 6%) en hverfur í þeim yngri. Hærra hlutfall ungra kvenna en karla hefur verið niðurdregið, dapurt eða vonlaust (16% á móti 7%) og hefur átt erfitt með einbeitingu (33% á móti 20%) og er munurinn tölfræðilega marktækur. Hlutfall ungra kvenna er hærra en ungra karla á öllum mælikvörðum andlegrar heilsu.

Neðst í töflunni eru síðan birtar niðurstöður á heildarmati á andlegu heilsunni sem byggist á PHQ-9 skalanum. Niðurstöðurnar sýna að andleg heilsa hjá sjö af hverjum tíu (71%) er slæm samkvæmt þeim mælikvarða og að hlutfallslega fleiri konur en karlar (75% á móti 65%) eru við slæma andlega heilsu. Kynjamunurinn helst í báðum aldurshópnum en hins vegar mælist enginn aldursmunur á því að búa við slæma andlega heilsu.

**Tafla 24:** Hlutfall þeirra sem finna nánast daglega fyrir andlegum einkennum eftir kyni og aldri.

Einkenni		Kona	Karl	Samtals	N	p
Lítill áhugi eða gleði við að gera hlutina <sup>1)</sup>	Yngri	11%	7%	9%	173	0,241
	Eldri	27%	32%	29%	1116	0,184
	Allir	25%	28%	26%	1289	0,373
Niðurdregin(n), dapur/döpur, vonlaus <sup>1)</sup>	Yngri	16%	7%	11%	173	0,026*
	Eldri	22%	27%	24%	1116	0,056
	Allir	22%	23%	22%	1289	0,100
Erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina	Yngri	46%	45%	45%	170	0,775
	Eldri	40%	33%	38%	1119	0,067
	Allir	41%	35%	39%	1289	0,094
Þreyta og orkuleysi	Yngri	63%	34%	48%	169	0,000**
	Eldri	58%	49%	55%	1120	0,000**
	Allir	59%	46%	54%	1289	0,000**
Lystarleysi eða ofát	Yngri	35%	13%	23%	173	0,000**
	Eldri	27%	18%	24%	1100	0,000**
	Allir	28%	17%	24%	1273	0,000**
Líða illa með sig eða fundist hann/hún ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum/sjálfri) sér eða fjölskyldu sinni	Yngri	39%	19%	28%	173	0,009**
	Eldri	37%	33%	36%	1114	0,107
	Allir	37%	31%	35%	1287	0,074
Erfiðleika með einbeitingu	Yngri	33%	19%	26%	172	0,004*
	Eldri	27%	28%	27%	1127	0,136
	Allir	27%	26%	27%	1299	0,202
Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafi tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus ..., <sup>1)</sup>	Yngri	15%	7%	10%	173	0,059
	Eldri	14%	18%	16%	1109	0,138
	Allir	14%	16%	15%	1282	0,262
Hugsa um að það væri betra að vera dái(n) eða um að skaða sig á einhvern hátt	Yngri	5%	0%	2%	169	0,174
	Eldri	6%	9%	7%	1119	0,000**
	Allir	6%	7%	7%	1288	0,000**
Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum	Yngri	76%	61%	68%	173	0,035*
	Eldri	74%	66%	71%	1135	0,002**
	Allir	75%	65%	71%	1308	0,000**

<sup>1)</sup> Marktækur aldursmunur (N = 1297): Lítill áhugi eða gleði, p = 0,000\*\*, niðurdregin(n)/dapur/döpur/vonlaus, p = 0,000\*\*, hreyfa sig óeðlilega hægt eða hratt, p = 0,005\*\*.

Tafla 25 sýnir að líkamlegt heilsufar fatlaðs fólks er almennt slæmt. Sjö af hverjum tíu (71%) segja líkamlega heilsufarið vera slæmt eða frekar slæmt, einn af hverjum fimm (21%) að það sé hvorki gott né slæmt en innan við einn af hverjum tíu (9%) að það sé gott eða mjög gott. Hlutfallslega fleiri konur meta líkamlega heilsu sína slæma (75% á móti 63%) en hlutfallslega fleiri karlar meta hana hvorki slæma né góða (25% á móti 18%) eða mjög góða eða góða (12% á móti 7%) og helst kynjamunurinn í báðum aldurshópum. Aldursmunur mælist líka á líkamlegu heilsunni. Hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum meta líkamlegt heilsufar sitt slæmt eða mjög slæmt (74% á móti 49%) en hlutfallslega fleiri í yngri aldurshópnum að það sé hvorki gott né slæmt (33% á móti 19%) eða mjög gott eða gott (17,8% á móti 7%). Mesti munur á líkamlegu heilsunni mælist á milli eldri kvenna og ungra karla. Þá telja 77% eldri kvenna líkamlega heilsu sína slæma en það á við um 39% ungra karla.

**Tafla 25:** Líkamlegt heilsufar eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,012*
Mjög gott eða gott	16%	19%	18%	N = 174
Hvorki gott né slæmt	24%	42%	33%	
Slæmt eða frekar slæmt	61%	39%	49%	
<i>Eldri</i>				0,003**
Mjög gott eða gott	6%	10%	7%	N = 1138
Hvorki gott né slæmt	17%	22%	19%	
Slæmt eða frekar slæmt	77%	69%	74%	
<i>Allir</i>				0,000**
Mjög gott eða gott	7%	12%	9%	N = 1312
Hvorki gott né slæmt	18%	25%	21%	
Slæmt eða frekar slæmt	75%	63%	71%	

Aldursmunur: N = 1318, p = 0,000\*\*.

Tafla 26 sýnir marktækt samband á milli líkamlegar og andlegrar heilsu fatlaðs fólks. Vel yfir helmingur (56%) þeirra býr hvort tveggja við slæmt líkamlegt heilsufar og slæma andlega heilsu nú um stundir en að aðeins 6% fatlaðs fólks við hvort tveggja góða andlega og líkamlega heilsu.

*Tafla 26: Líkamlegt heilsufar eftir andlegri heilsu.*

Líkamleg heilsa	Andleg heilsa			p
	Góð	Slæm	Samtals	
Mjög gott eða gott	6%	3%	9%	0,000**
Hvorki gott né slæmt	9%	12%	21%	N = 1313
Slæmt eða frekar slæmt	15%	56%	70%	
Samtals	29%	71%	100%	

### 3.3.2 Aðgangur að heilbrigðisþjónustu

Í þessum undirkafla birtast niðurstöður um hlutfall fatlaðs fólks sem hefur neitað sér um ýmsar tegundir heilbrigðisþjónustu, hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu og ástæður þess að hafa neitað sér um slíka þjónustu.

Það er algengt að fatlað fólk hafi þurft að neita sér um heilbrigðisþjónustu á síðustu sex mánuðum eins og niðurstöðurnar í töflu 27 sýna. Sex af hverjum tíu hafa þannig neitað sér um tannlæknaþjónustu (60%), ríflega helmingur um sálfræðiþjónustu (52%), rúmlega þriðjungur um sjúkraþjálfun (37%), hjálpartæki (36%), þjónustu sérfræðilækna (36%) og/eða geðheilbrigðisþjónustu (35%) og um það bil þrír af hverjum tíu hafa síðan neitað sér um almenna heilbrigðisþjónustu (30%) og/eða um að leysa út lyf (28%). Hlutfallslega fleiri karlar en konur hafa neitað sér um tannlæknaþjónustu (63% á móti 58%) en sá munur helst eingöngu í yngri aldurshópnum (79% á móti 55%). Fleiri konur en karlar hafa hins vegar neitað sér um sálfræðiþjónustu (56% á móti 44%) en sá kynjamunur helst eingöngu í eldri aldurshópnum (56% á móti 42%). Þá hafa hlutfallslega fleiri yngri konur en yngri karlar neitað sér um að leysa út lyf (40% á móti 20%). Að auki hefur hlutfallslega fleira ungt fatlað fólk en eldra neitað sér um tannlæknaþjónustu (68% á móti 59%) og þjónustu sérfræðilækna (46% á móti 34%). Að öðru leyti birtist ekki aldurs- og kynjamunur í því hvernig heilbrigðisþjónustu fatlað fólk hefur neitað sér um. Þegar niðurstöðurnar eru teknar saman kemur í ljós að ríflega átta af hverjum tíu hafa neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu (81%) og að það hlutfall er óháð hvort tveggja kyni og aldri.

**Tafla 27:** Hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir kyni og aldri.

Tegund þjónustu		Kona	Karl	Samtals	N	p
Almenn heilbrigðisþjónusta	Yngri	34%	27%	30%	173	0,326
	Eldri	29%	30%	28%	1124	0,553
	Allir	29%	30%	29%	1297	0,838
Að leysa út lyf	Yngri	40%	20%	31%	174	0,002**
	Eldri	28%	27%	27%	1124	0,753
	Allir	29%	25%	28%	1298	0,171
Tannlæknaþjónusta <sup>1)</sup>	Yngri	55%	79%	68%	173	0,000**
	Eldri	58%	60%	59%	1124	0,509
	Allir	58%	63%	60%	1297	0,040*
Geðheilbrigðisþjónusta	Yngri	40%	26%	32%	173	0,047*
	Eldri	36%	35%	36%	1124	0,805
	Allir	36%	33%	35%	1297	0,291
Þjónusta sérfræðilækna <sup>1)</sup>	Yngri	38%	53%	46%	174	0,057
	Eldri	35%	32%	34%	1124	0,434
	Allir	35%	36%	36%	1298	0,690
Hjálpartæki	Yngri	45%	32%	38%	173	0,085
	Eldri	36%	35%	36%	1124	0,769
	Allir	37%	35%	36%	1297	0,399
Sálfræðiþjónusta	Yngri	53%	53%	53%	174	0,958
	Eldri	56%	42%	51%	1124	0,000**
	Allir	56%	44%	52%	1298	0,000**
Sjúkraþjálfun	Yngri	43%	27%	35%	174	0,024*
	Eldri	37%	37%	37%	1125	0,864
	Allir	38%	35%	37%	1299	0,283
Neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu	Yngri	84%	84%	84%	173	0,989
	Eldri	81%	79%	80%	1124	0,434
	Allir	81%	80%	81%	1297	0,559

<sup>1)</sup> Marktækur aldursmunur: Tannlæknaþjónusta, p = 0,025\*, þjónusta sérfræðilækna, p = 0,002\*\*.

Tafla 28 sýnir að kostnaður er langalgengasta ástæða þess að fatlað fólk neitar sér um heilbrigðisþjónustu. Tæplega níu af hverjum tíu (88%) sem hafa þurft að neita sér um slíka þjónustu hafa gert það vegna þess að þeir réðu ekki við kostnaðinn sem þjónustunni fylgdi. Ríflega þriðjungur (36%) hefur síðan neitað sér um heilbrigðisþjónustu vegna þess að biðtími var of langur, meira en fjórðungur (28%) vegna þess að erfitt var að fá viðtalstíma og nákvæmlega fimmtungur vegna skorts á sérfræðingum/heilbrigðisstarfsfólki. Með öðrum orðum þá er helsta ástæða þess að fatlað fólk neitar sér um heilbrigðisþjónustu fyrir utan

kostnaðinn sem henni fylgir að aðgengileiki að henni er ekki nægilegur. Þá hefur lægra hlutfall neitað sér um heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar við ferðalög henni tengd (16%), fjarlægðar frá heimili (13%), vegna þess að þeir vita ekki hvert á að leita (11%), hafa ekki heilsu til að sækja sér þjónustuna (7%), vegna tæknilegra erfiðleika við samskipti (4%) eða af öðrum ástæðum (3%).

Hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa ekki heilsu til að sækja sér þjónustu (9% á mótí 4%) en sá munur helst eingöngu í eldri aldurshópnum (10% á mótí 3%). Þá hafa hlutfallslega fleiri konur en karlar í eldri aldurshópnum neitað sér um heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar (89% á mótí 83%) en hins vegar fleiri karlar en konur í þeim yngri (100% á mótí 83%). Kynjamunur í því að hafa neitað sér um þjónustu vegna kostnaðar mælist ekki í hópnum í heild. Marktækur aldursmunur þar sem hallar á unga fólkið mælist svo í þeim ástæðum fyrir að neita sér um heilbrigðisþjónustu sem tengjast skorti á aðgengileika að þjónustu, að eiga erfitt með að fá viðtalstíma (37% á mótí 26%), að biðtími sé langur (48% á mótí 34%) og/eða að skortur sé á sérfræðingum/heilbrigðisstarfsfólki (29% á mótí 18%). Sambærilegur aldursmunur er einnig á því að vita ekki hvar eigi að leita að þjónustunni (22% á mótí 10%) og vegna tæknilegra erfiðleika við samskipti (6% á mótí 4%).



**Tafla 28:** Ástæður þess að hafa neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu eftir kyni og aldri.

Ástæða		Kona	Karl	Samtals	N	p
Kostnaður	Yngri	83%	100%	92%	143	0,000**
	Eldri	89%	83%	87%	870	0,017*
	Allir	88%	87%	88%	1013	0,404
Fjarlægð frá heimili	Yngri	14%	15%	15%	143	0,796
	Eldri	13%	13%	13%	870	0,861
	Allir	13%	13%	13%	1013	0,727
Erfitt að fá viðtalstíma <sup>1)</sup>	Yngri	26%	46%	37%	143	0,014*
	Eldri	27%	25%	26%	867	0,579
	Allir	27%	29%	28%	1010	0,389
Kostnaður við ferðalög til að sækja heilbrigðisþjónustu	Yngri	20%	15%	18%	143	0,469
	Eldri	15%	17%	16%	867	0,417
	Allir	15%	17%	16%	1010	0,598
Hefur ekki heilsu til að sækja sér heilbrigðisþjónustu	Yngri	6%	8%	7%	143	0,719
	Eldri	10%	3%	7%	868	0,000**
	Allir	9%	4%	7%	1011	0,002**
Veit ekki hvert á að leita eftir þjónustu <sup>1)</sup>	Yngri	20%	23%	22%	144	0,686
	Eldri	10%	9%	10%	868	0,523
	Allir	11%	12%	11%	1012	0,839
Tæknilegir erfiðleikar við samskipti <sup>1)</sup>	Yngri	5%	8%	6%	143	0,451
	Eldri	3%	5%	4%	868	0,146
	Allir	3%	6%	4%	1011	0,071
Langur biðtími <sup>1)</sup>	Yngri	40%	54%	48%	143	0,099
	Eldri	34%	33%	34%	867	0,609
	Allir	35%	37%	36%	1010	0,539
Skortur á sérfræðingum /heilbrigðisstarfsfólki <sup>1)</sup>	Yngri	28%	31%	29%	143	0,687
	Eldri	20%	16%	18%	869	0,089
	Allir	21%	19%	20%	1012	0,346
Annað	Yngri	5%	0%	2%	143	0,055
	Eldri	3%	2%	3%	868	0,448
	Allir	3%	2%	3%	1011	0,156

<sup>1)</sup> Marktækur aldursmunur: Erfitt að fá viðtalstíma, p = 0,010\*\*, veit ekki hvar ég á að leita að þjónustu, p = 0,000\*\*, vegna tæknilegra erfiðleika við samskipti, p = 0,046\*, langur biðtími, p = 0,002\*\*, skortur á sérfræðingum/heilbrigðisstarfsfólki, p = 0,004\*\*.

### 3.3.3 Samanburður á heilsufari fatlaðs fólks 2009 og 2021

Spurningar um heilsufar sem lagðar voru fyrir fatlað fólk í könnun Öryrkjabandalagsins frá 2009 voru nokkuð ólíkar þeim spurningum sem lagðar voru fyrir í þessari könnun og því að litlu leyti samanburðarhæfar. Í könnuninni 2009 var spurt um heilsufar almennt og niðurstöðurnar sýndu að 5% töldu heilsu sína vera mjög góða, 18% frekar góða, 23% hvorki góða né slæma, 38% frekar slæma en 15% við mjög slæma heilsu (Guðrún Hannesdóttir, 2010). Niðurstöður rannsóknanna tveggja hníga því sömu átt eða að lítil hluti fatlaðs fólks, 5%-6%, sé við góða heilsu á hverjum tíma.

### 3.3.4 Samanburður við niðurstöður úr Lífskjarakönnunum Hagstofunnar

Það þarf ekki að koma á óvart að heilsufar fatlaðs fólks er að jafnaði mun verra en heilsufar landsmanna almennt. Niðurstöður úr Lífskjararannsókn Hagstofunnar sýna þannig að árið 2018 töldu ríflega þrjú fjórðu hlutar landsmanna, eða 77%, heilsu sína vera góða eða mjög góða. Sama könnun leiddi einnig í ljós að ríflega einn af hverju tíu landsmönnum hafði neitað sér um tannlæknaþjónustu það ár (Hagstofa Íslands, e.d.) samanborið við sex af hverjum tíu meðal fatlaðs fólks samkvæmt niðurstöðum þessarar könnunar.

### 3.3.5 Samantekt – heilsufar fatlaðs fólks

Niðurstöðurnar sýna að heilsufar fatlaðs fólks er almennt ekki gott og benda til að á hverjum tíma búi meirihluti þess við slæma andlega og/eða líkamlega heilsu. Sjö af hverjum tíu búa við slæma andlega heilsu eins og hún er metin á PHQ-9 skalanum. Nánast daglega finnur rúmlega helmingur fyrir þreytu og orkuleysi, ríflega þriðjungur líður illa með sig, ríflega fjórðungur á í erfiðleikum með einbeitingu, sama hlutfall finnur fyrir litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina og nærri fjórir af hverjum tíu eiga erfitt með að sofna nánast allar nætur eða sofa alla nóttina. Sjö af hverjum tíu búa við slæmt líkamlegt heilsufar og vel yfir helmingur við hvort tveggja slæma líkamlega og andlega heilsu. Líkamleg og andleg heilsa fatlaðra kvenna er verri en fatlaðra karla. Í báðum tilfellum eru þrjú fjórðu hlutar kvenna við slæma heilsu en um tveir þriðju hlutar karla. Aldursmunur mælist eingöngu á líkamlegri heilsu og er heilsa eldri aldurshópsins að jafnaði verri en þess yngri. Mesti munur á líkamlegu heilsunni mælist þannig á milli eldri kvenna (77%) og ungra karla (39%). Að auki er marktækt samband á milli líkamlegrar og andlegrar heilsu fatlaðra.

Algennt er að fatlað fólk neiti sér um heilbrigðisþjónustu. Sex af hverjum tíu hafa þannig neitað sér um tannlæknaþjónustu, ríflega helmingur um sálfræðiþjónustu, rúmlega þriðjungur um sjúkrahjálfun og sama hlutfall um hjálpartæki, þjónustu sérfræðilækna og/eða geðheilbrigðisþjónustu. Í kringum þrjú af hverjum tíu hafa síðan neitað sér um almenna

heilbrigðisþjónustu og/eða um að leysa út lyf. Samtals hafa ríflega átta af hverjum tíu neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu og er það hlutfall óháð kyni og aldri. Kostnaður er langalgengasta ástæða þess að fatlað fólk neiti sér um heilbrigðisþjónustu. Tæplega níu af hverjum tíu sem hafa neitað sér um slíka þjónustu hafa gert það vegna kostnaðarins. Önnur helsta ástæða þess að neita sér um heilbrigðisþjónustu tengist skorti á þjónustu. Ríflega þriðjungur hefur þannig neitað sér um heilbrigðisþjónustu vegna þess að biðtími var of langur, meira en fjórðungur vegna þess að erfitt var að fá viðtalstíma og fimmtungur vegna skorts á sérfræðingum/heilbrigðisstarfsfólki. Marktækur aldursmunur þar sem hallar á unga fólkið mælist á þessum þáttum sem og á því að vita ekki hvar á að leita að þjónustunni og því að eiga í tæknilegum erfiðleikum við samskipti.

### 3.3.6 Summary – Health

The results show that disabled people do not generally enjoy good health and indicated that a majority are suffering from poor mental and/or physical health at any given time. Seven in ten suffer from poor mental health on the PHQ-9 scale. Just over half feel tired or lethargic on an almost daily basis, just over a third feel unhealthy, just over a quarter have trouble concentrating, the same proportion take little interest or pleasure in doing things and almost a quarter have trouble getting to sleep every night or sleeping all night. Seven in ten suffer from poor physical health and well over half from both poor mental and poor physical health. Disabled women suffer from worse physical and mental health than disabled men. In both cases, three-quarters of women suffer from poor health, as compared to two-thirds of men. There is an age gap only as regards physical health, with older people suffering from worse health on the whole than younger people. The biggest difference is between older women (77%) and younger men (39%). In addition, there is a clear correlation with disabled people's physical and mental health.

It is common for disabled people to refuse healthcare services. Six in ten have refused dental services, just over half psychological services, just over a third physiotherapy and also just over a third medical aids, specialist medical services and/or mental health services. Around three in ten have refused general healthcare services and/or failed to collect prescription medicines. In total, just over eight in ten have refused healthcare services of one type or another, regardless of gender or age. Cost is by far the most common reason for disabled people's refusing healthcare services. Just over nine in ten respondents who have refused such services did so because of cost. Another major reason for refusing healthcare services is a lack of such services. Just over a third have refused healthcare services because waiting times were

too long, more than a quarter because they found it hard to get an appointment and a fifth because there were no specialists/healthcare staff available. There is a significant age difference – to the detriment of young people – as regards these factors. This applies also to not knowing where to go for services and having technical trouble with communication.

### 3.4 Félagsleg einangrun og fordómar

Svarendur voru spurðir að því hversu mikla eða litla félagslega einangrun þeir búa við, hvort einangrunin sé meiri eða minni en fyrir kórónuveirufaraldurinn, hvort þeir finni fyrir fordómum í sinn garð og þá frá hverjum. Allar spurningarnar voru greindar eftir kyni og aldri og spurningarnar um félagslega einangrun að auki eftir því hvort viðkomandi býr einn eða með öðrum.

#### 3.4.1 Félagsleg einangrun

Í þessum undirkafla birtast niðurstöður um umfang félagslegrar einangrunar fatlaðs fólks og hvort einangrunin sé meiri eða minni en fyrir faraldurinn. Fyrst eru niðurstöðurnar greindar eftir kyni og aldri og síðan eftir því hvort viðkomandi býr einn eða með öðrum.

Tafla 29 sýnir að mikill meirihluti fatlaðs fólks finnur fyrir félagslegri einangrun. Ríflega fjórðungur, eða 26%, finnur fyrir mjög mikilli, 38% fyrir frekar mikilli og 22% hvorki fyrir mikilli né lítilli einangrun. Samtals 9% finna síðan fyrir frekar lítilli og aðeins 4% fyrir engri eða mjög lítilli einangrun. Hlutfallslega fleiri ungir karlar en ungar konur finna fyrir mjög mikilli (31% á móti 23%), frekar mikilli (46% á móti 42%) eða lítilli sem engri (7% á móti 3%) félagslegri einangrun. Hlutfallslega fleiri ungar konur finna hins vegar hvorki fyrir mikill né lítilli félagslegri einangrun (20% á móti 16%) eða frekar lítilli (14% á móti 0%) einangrun. Að öðru leyti mælist ekki kyn- og aldursbundinn munur á því að finna fyrir félagslegri einangrun.

**Tafla 29:** Félagsleg einangrun eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,003**
Mjög mikil	23%	31%	27%	N = 172
Frekar mikil	41%	46%	44%	
Hvorki mikil né lítil	20%	16%	18%	
Frekar lítil	14%	0%	6%	
Mjög lítil eða engin	3%	7%	5%	
<i>Eldri</i>				0,103
Mjög mikil	26%	27%	26%	N = 1111
Frekar mikil	40%	32%	37%	
Hvorki mikil né lítil	22%	24%	23%	
Frekar lítil	8%	11%	9%	
Mjög lítil eða engin	4%	5%	4%	
<i>Allir</i>				0,299
Mjög mikil	26%	28%	26%	N = 1283
Frekar mikil	40%	35%	38%	
Hvorki mikil né lítil	22%	23%	22%	
Frekar lítil	9%	9%	9%	
Mjög lítil eða engin	4%	6%	4%	

Aldursmunur: N = 1292, p = 0,256.

Tafla 30 varpar ljósi á það að félagsleg einangrun meirihluta fatlaðs fólks hefur aukist í COVID-19 faraldrinum. Samtals telur 21% hana miklu meiri en fyrir faraldurinn og 36% nokkuð meiri, 40% telja hana hins vegar svipaða og fyrir sóttina en einungis 4% að hún sé nokkuð eða mikið minni. Í eldri aldurshópnum telja hlutfallslega fleiri konur einangrunina vera mikið meiri (23% á móti 18%) en hlutfallslega fleiri karlar að hún sé hvorki meiri né minni (44% á móti 39%) en áður. Að öðru leyti mælist ekki kyn- og aldursbundinn munur á breytingum á félagslegri einangrun á tímum kórónuveirunnar.

**Tafla 30:** *Félagsleg einangrun meiri eða minni en fyrir faraldurinn eftir kyni og aldri.*

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,230
Mikið meiri	23%	19%	21%	N = 173
Nokkuð meiri	34%	45%	40%	
Hvorki meiri né minni	41%	36%	38%	
Nokkuð minni	3%	0%	1%	
Mikið minni	0%	0%	0%	
<i>Eldri</i>				0,038*
Mikið meiri	23%	17%	21%	N = 1114
Nokkuð meiri	36%	34%	35%	
Hvorki meiri né minni	38%	44%	40%	
Nokkuð minni	2%	4%	3%	
Mikið minni	1%	1%	1%	
<i>Allir</i>				0,130
Mikið meiri	23%	18%	21%	N = 1287
Nokkuð meiri	35%	36%	36%	
Hvorki meiri né minni	39%	42%	40%	
Nokkuð minni	2%	3%	3%	
Mikið minni	1%	1%	1%	

Aldursmunur: N = 1291, p = 0,410.

Tafla 31 sýnir marktækan mun á félagslegri einangrun eftir því hvort viðkomandi býr einn eða ekki. Hærra hlutfall þeirra sem búa ein telur félagslega einangrun sína vera mjög mikla (33% á móti 22%) en hærra hlutfall þeirra sem búa með öðrum að hún sé hvorki mikil né lítil (24% á móti 18%) eða mjög lítil eða engin (6% á móti 2%). Munurinn hvað varðar að telja félagslega einangrun vera frekar mikla eða frekar litla var hins vegar óverulegur.

**Tafla 31:** *Félagsleg einangrun eftir því hvort viðkomandi býr einn eða með öðrum*

	Býr ein(n)	Býr með öðrum	Samtals	p
Mjög mikil	33%	22%	26%	0,000**
Frekar mikil	37%	39%	38%	N = 1239
Hvorki mikil né lítil	18%	24%	22%	
Frekar lítil	9%	9%	9%	
Mjög lítil eða engin	2%	6%	5%	

Tafla 32 sýnir marktækan mun á því hvort félagsleg einangrun hefur aukist eftir að faraldurinn skall á eða ekki eftir því hvort viðkomandi býr einn eða ekki. Munurinn felst fyrst og fremst í

því að hlutfallslega fleiri sem búa einir/ar telja að félagslega einangrunin sé mikið meiri (26% á móti 18%) en fyrir þestina en hlutfallslega fleiri sem búa með öðrum að hún sé hvorki meiri né minni (42% á móti 36%) eða nokkuð minni (4% á móti 1%).

**Tafla 32:** Félagsleg einangrun meiri eða minni en fyrir faraldurinn eftir því hvort viðkomandi býr einn eða með öðrum.

	Býr ein(n)	Býr með öðrum	Samtals	p
Mikið meiri	26%	18%	21%	0,000**
Nokkuð meiri	36%	36%	36%	N = 1239
Hvorki meiri né minni	36%	42%	40%	
Nokkuð minni	1%	4%	3%	
Mikið minni	1%	1%	1%	

### 3.4.2 Fordómar

Í þessum undirkafla eru settar fram niðurstöður um hvort fatlað fólk finni fyrir fordómum í sinn garð, frá hverjum það finnur fyrir fordómum og frá hve mörgum viðkomandi finnur fyrir fordómum. Niðurstöðurnar eru greindar eftir kyni og aldri.

Nærri þrjú fjórðu hlutar fatlaðs fólks, eða 72%, finna fyrir fordómum vegna fötlunar sinnar eins og tafla 33 sýnir. Taflan sýnir einnig að tölfræðilega marktækur aldurs- og/eða kynjamunur mælist ekki á því að finna fyrir fötlunarfóðómum.

**Tafla 33:** Finnur fyrir fordómum vegna örorku/fötlunar sinnar eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,237
Já, finn fyrir fordómum	77%	69%	73%	N = 171
Nei, finn ekki fyrir fordómum	23%	31%	28%	
<i>Eldri</i>				0,243
Já, finn fyrir fordómum	73%	70%	72%	N = 1116
Nei, finn ekki fyrir fordómum	27%	30%	28%	
<i>Allir</i>				0,135
Já, finn fyrir fordómum	74%	70%	72%	N = 1287
Nei, finn ekki fyrir fordómum	27%	30%	28%	

Aldursmunur: N = 1294, p = 0,799.

Tafla 34 sýnir hjá hverjum fordómar fundust. Í þeim hópi sem segist finna fyrir fordómum segjast ríflega þrjú fjórðu hlutar (77%) finna fyrir fordómum í samfélaginu almennt, 43% í heilbrigðiskerfinu, 40 % innan fjölskyldunnar, 38% meðal vina, 34% þar sem þau sækja

þjónustu og 18% við atvinnuleit. Lægra hlutfall segist síðan hafa fundið fyrir fordómum í námi (6%), á vinnustað (11%) og/eða hjá öðrum öryrkjum/endurhæfingarlífeyristökum (9%). Hlutfallslega fleiri konur en karlar (47% á móti 36%) hafa fundið fyrir fordómum í heilbrigðiskerfinu. Sá kynjamunur helst hvort tveggja í eldri (45% á móti 36%) og yngri (65% á móti 38%) aldurshópnum og er raunar áberandi mikill í yngri hópnum. Hlutfallslega fleiri karlar en konur segjast hins vegar hafa fundið fyrir fordómum við atvinnuleit (22% á móti 16%) og á vinnustað (14% á móti 9%) en sá kynjamunur helst eingöngu í eldri aldurshópnum (23% á móti 14% við atvinnuleit og 13% á móti 8% á vinnustað) þegar hann er skoðaður eftir aldri. Þá er ákveðinn aldursmunur í því hvar/hjá hverjum fordómar finnast. Hlutfallslega fleiri í yngri aldurshópnum finna fyrir fordómum í námi (14% á móti 5%), á vinnustað (20% á móti 9%), við atvinnuleit (24% á móti 17%), innan heilbrigðiskerfisins (51% á móti 42%) og/eða innan fjölskyldunnar (54% á móti 38%). Að auki finnur ríflega helmingur fatlaðs fólks fyrir fordómum gagnvart sjálfu sér og er hlutfallið hærra meðal kvenna en karla (56% á móti 45%) og hærra í yngri aldurshópnum en í þeim eldri (62% á móti 50%). Kynjamunurinn helst hins vegar eingöngu í eldri aldurshópnum (55% á móti 42%).



Tafla 34: Hvar fundið er fyrir fordómum eftir aldri og kyni

		Konur	Karlar	Samtals	N	p
Meðal vina	Yngri	30%	39%	34%	125	0,261
	Eldri	38%	40%	39%	800	0,527
	Allir	37%	40%	38%	925	0,369
Í námi <sup>1)</sup>	Yngri	18%	10%	14%	125	0,180
	Eldri	5%	5%	5%	799	0,968
	Allir	6%	5%	6%	924	0,766
Á vinnustað <sup>1)</sup>	Yngri	20%	19%	19%	124	0,930
	Eldri	7%	13%	9%	800	0,012*
	Allir	9%	14%	11%	924	0,013*
Við atvinnuleit <sup>1)</sup>	Yngri	30%	19%	24%	124	0,174
	Eldri	14%	23%	17%	801	0,001**
	Allir	16%	22%	18%	925	0,012*
Þar sem ég sæki þjónustu	Yngri	39%	23%	31%	125	0,055
	Eldri	33%	37%	35%	799	0,246
	Allir	34%	35%	34%	924	0,783
Hjá sjálfum/ri mér <sup>1)</sup>	Yngri	61%	63%	62%	125	0,832
	Eldri	55%	42%	50%	799	0,000**
	Allir	56%	45%	52%	924	0,002**
Í heilbrigðiskerfinu <sup>1)</sup>	Yngri	65%	38%	51%	126	0,002**
	Eldri	45%	36%	42%	800	0,014*
	Allir	47%	36%	43%	926	0,001**
Hjá öðrum öryrkjum/endurhæfingar- lífeyristökum <sup>1)</sup>	Yngri	13%	19%	16%	124	0,469
	Eldri	7%	9%	8%	799	0,205
	Allir	7%	11%	9%	923	0,061
Almennt í samfélaginu	Yngri	76%	76%	76%	125	0,960
	Eldri	78%	75%	77%	799	0,211
	Allir	78%	75%	77%	924	0,249
Innan fjölskyldunnar <sup>1)</sup>	Yngri	48%	59%	54%	125	0,246
	Eldri	41%	32%	38%	801	0,010
	Allir	42%	37%	40%	926	0,112

<sup>1)</sup> Marktækur aldursmunur (N = 929): Í námi, p = 0,000, á vinnustað, p = 0,000\*\*, við atvinnuleit, p = 0,023\*, hjá mér sjálfri/um, p = 0,012\*, í heilbrigðiskerfinu, p = 0,44\*, hjá öðrum öryrkjum, p = 0,002\*, innan fjölskyldunnar, p = 0,000\*\*.

Tafla 35 sýnir að meirihluti fatlaðs fólks sem finnur fyrir fordómum finnur fyrir þeim hjá mörgum aðilum. Fjórðungur (24%) finnur þannig fyrir fordómum frá fimm eða fleiri aðilum, 39% frá þremur til fjórum aðilum en 37% frá einum til tveimur aðilum. Yngri aldurshópurinn finnur að jafnaði fyrir fordómum frá fleiri aðilum en þeir sem eldri eru. Samtals hafa 34% ungs

fólks fundið fyrir fordómum frá fimm eða fleiri aðilum og 47% frá þremur eða fjórum aðilum en hlutföllin eru 23% og 38% hjá þeim sem eldri eru. Munur eftir kyni mælist hins vegar ekki marktækur.

**Tafla 35:** Fjöldi þeirra sem fordómar finnast hjá eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,267
Einn til tveir	25%	14%	19%	N = 125
Þrjár til fjórir	46%	47%	46%	
Fimm eða fleiri	30%	39%	34%	
<i>Eldri</i>				0,488
Einn til tveir	39%	42%	40%	N = 795
Þrjár til fjórir	39%	35%	37%	
Fimm eða fleiri	22%	24%	23%	
<i>Allir</i>				0,444
Einn til tveir	37%	37%	37%	N = 920
Þrjár til fjórir	40%	37%	39%	
Fimm eða fleiri	23%	27%	24%	

Aldursmunur: N = 924, p = 0,000\*\*.

### 3.4.3 Samanburður á félagslegri einangrun og fordómum 2009 og 2021

Í rannsókninni sem gerð var á högum öryrkja árið 2009 var einnig spurt um hvort fatlað fólk hefði fundið fyrir félagslegri einangrun og fordómum og hjá hverjum fordómar myndu (Guðrún Hannesdóttir, 2010). Samanburður á niðurstöðunum er birtur í töflu 36. Við samanburðinn verður þó að hafa í huga að ekki var notast við sömu spurningu varðandi fordóma. Árið 2009 var spurt hvort viðkomandi upplifði enga, nokkra eða mikla fordóma en nú hvort viðkomandi finni fyrir mjög mikilli, frekar mikilli, hvorki mikilli né lítilli, frekar lítilli eða mjög lítilli eða engri félagslegri einangrun. Hér er hlutfall fatlaðra sem finnur fyrir frekar lítilli, mjög lítilli eða engri félagslegri einangrun nú borinn saman við það hlutfall sem fann ekki fyrir félagslegri einangrun árið 2009.

Samanburðurinn í töflu 36 á hlutfalli fatlaðs fólks sem fann fyrir félagslegri einangrun og fyrir fordómum árið 2009 og árið 2021 bendir til að hvort tveggja einangrun fatlaðs fólks og fordómar í garð þess hafi aukist á tímabilinu. Árið 2009 sagðist 71% fatlaðs fólks finna fyrir félagslegri einangrun en hlutfallið er komið í 91% nú. Árið 2009 höfðu 45% fundið fyrir fordómum en hlutfallið er 72% nú. Af þeim sem hafa fundið fyrir fordómum er svipað hlutfall, eða ríflega þrjár fjórðu, sem finna fyrir fordómum almennt í samfélaginu. Hlutfallið hefur ýmist

hækkað eða lækkað meðal einstakra aðila sem spurðir voru um hvort þeir yrðu fordóma varir. Nú, árið 2021, segjast fleiri finna fyrir fordómum þar sem þeir sækja sér þjónustu (34% á móti 27%) og innan fjölskyldunnar (40% á móti 34%) en færri meðal vina (38% á móti 46%), í námi (6% á móti 13%), á vinnustað (11% á móti 20%), við atvinnuleit (18% á móti 28%) og hjá öðrum fötluðum (9% á móti 14%). Að auki hafði fleira fatlað fólk fundið fyrir fordómum hjá sjálfu sér árið 2009 en gerir það nú (59% á móti 52%).

**Tafla 36:** Samanburður á félagslegri einangrun og fordómum 2009 og 2021.

	2009 <sup>1)</sup>	2021
Fundið fyrir félagslegri einangrun	71%	91%
Fundið fyrir fordómum	45%	72%
Fordómar finnast:		
Meðal vina	46%	38%
Í námi	13%	6%
Á vinnustað	20%	11%
Við atvinnuleit	28%	18%
Þar sem ég sæki þjónustu	27%	34%
Hjá sjálfum/ri mér	59%	52%
Í heilbrigðiskerfinu	-	43%
Hjá öðrum	14%	9%
öryrkjum/endurhæfingar- lífeyristökum		
Almennt í samfélaginu	76%	77%
Innan fjölskyldunnar	34%	40%

<sup>1)</sup> Heimild: Guðrún Hannesdóttir (2010, bls. 90-89).

#### 3.4.4 Samantekt – félagsleg einangrun og fordómar

Niðurstöðurnar leiða í ljós að mikill meirihluti fatlaðs fólks glímir við félagslega einangrun og/eða fordóma. Þannig finna sjö af hverjum tíu fyrir mjög mikilli eða frekar mikilli félagslegri einangrun en aðeins ríflega einn af hverjum tíu fyrir frekar eða mjög lítilli félagslegri einangrun. Niðurstöðurnar benda til að faraldurinn og sóttvarnaraðgerðir vegna hans hafi aukið á einangrunina en yfir helmingur fatlaðs fólks, eða 58%, telur að félagslega einangrunin sé mikið eða nokkuð meiri en fyrir COVID-19. Fleiri ungir karlar en ungar konur finna fyrir mjög eða frekar mikilli félagslegri einangrun, eða ríflega þrjú fjórðu hlutar á móti tæplega tveim þriðju, og fleiri konur en karlar í eldri aldurshópnum telja að einangrunin sé meiri nú en fyrir faraldurinn. Að öðru leyti mælist ekki kyn- og aldursbundinn munur á félagslegu einangruninni. Þá sýna niðurstöðurnar að þau sem búa ein eru líklegri til að finna fyrir

félagslegri einangrun en þau sem búa með öðrum og að faraldurinn hefur aukið á félagslega einangrun einbúa umfram þeirra sem búa með öðrum.

Nærri þrír af hverjum fjórum finna fyrir fordómum vegna fötlunar sinnar og/eða örorku. Fordómanna er að finna víða í samfélaginu. Margir finna fyrir fordómum frá mörgum aðilum. Þannig segjast 43% af þeim sem finna fyrir fordómum finna fyrir þeim í heilbrigðiskerfinu, 40% innan fjölskyldunnar, 38% meðal vina, 34% þar sem þau sækja þjónustu og 18% við atvinnuleit. Hátt í tveir af hverjum þremur finna fyrir fordómum frá þremur eða fleiri aðilum. Þau sem yngri eru finna að jafnaði fyrir fordómum frá fleiri aðilum en þau sem eldri eru og áberandi fleiri ungar konur en ungir karlar (65% á móti 38%) finna fyrir fordómum í heilbrigðiskerfinu. Fleiri karlar en konur í eldri aldurshópnum finna hins vegar fyrir fordómum við atvinnuleit og á vinnustað.

#### 3.4.5 Summary – Social isolation and prejudice

The results show that a large majority of disabled people struggle with social isolation and/or prejudice. Seven in ten experience high or rather high levels of social isolation, while only just over one in ten experience low or rather low levels. The results indicate that the COVID-19 pandemic and related infection prevention measures have increased isolation, with over half of all disabled people (58%) feeling that social isolation is either very or rather worse now than before COVID-19. More young men than young women experience high or rather high levels of social isolation (just over three-quarters of men, as opposed to just over two-thirds of women), while more older women than older men feel that social isolation is worse now than before the pandemic. In other respects, there are no gender or age differences as regards social inclusion. The results also show that people living alone are more likely to experience social exclusion than those who do not and that the pandemic has aggravated social exclusion more for those who live alone than for those who do not.

Almost three in four experience prejudice as a result of their disability and/or invalidity. Prejudice can be found throughout society. Many people experience prejudice from many different sources. For instance, 43% of respondents who say they experience prejudice indicate that this happens within the healthcare service, 40% within the family, 38% among friends, 34% when using services and 18% when looking for work. As many as two-thirds experience prejudice at the hands of three or more different sources. On the whole, younger disabled people experience prejudice from more different sources than older people, and a significantly greater proportion of young women than young men (65% to 38%) experience prejudice with

the healthcare service. On the other hand, more men than women in the older age group experience prejudice when looking for work or at the workplace.

### 3.5 Atvinnuþátttaka og virkni

Atvinnuþátttaka og virkni fatlaðs fólks var skoðuð með nokkrum spurningum. Virknin var könnuð með því að spyrja svarendur hvort þeir væru sjálfstætt starfandi, í námi, í sjálfboðavinnu, í endurhæfingu og/eða í launuðu starfi. Að auki voru allir virknitegundirnar lagðar saman og skoðað hversu hátt hlutfall var í sérhverri virkni. Þá var spurt um fjóra þætti tengda atvinnuþátttöku, hvort svarendur hafi fengið einhver laun á síðustu 12 mánuðum, hvort þeir treystu sér til að vera á vinnumarkaði og þá í hve háu starfshlutfalli, hvaða þættir komi í veg fyrir þátttöku á vinnumarkaði og að lokum hversu ánægt eða óánægt fatlað fólk er með aukna fjarvinnu á vinnumarkaði í tengslum við möguleika til að starfa á honum. Allar spurningarnar voru greindar eftir aldri og kyni.

#### 3.5.1 Virkni fatlaðs fólks

Í undirkaflanum birtast niðurstöður um virkni fatlaðs fólks. Hlutfall fatlaðs fólks sem er sjálfstætt starfandi, í námi, í sjálfboðavinnu, í endurhæfingu og/eða í launuðu starfi er kannað. Að auki eru allir virknitegundirnar lagðar saman og skoðað hversu hátt hlutfall var í sérhverri virkni. Niðurstöðurnar eru greindar eftir kyni og aldri.

Tafla 37 sýnir hlutfall þeirra sem voru í einhvers konar virkni þegar könnunin var lögð fyrir. Sjálfstætt starfandi eru 6% fatlaðs fólks, 8% eru í námi, 11% í sjálfboðavinnu, 26% í endurhæfingu og 15% í launuðu starfi. Samanlagt er ríflega helmingur fatlaðs fólks, eða 55%, í einhverri virkni. Marktækt fleiri karlar en konur eru í einhverri virkni (60% á móti 51%) og helst kynjamunurinn í hópnum yfir þrítugu (58% á móti 48%) en hverfur á meðal þeirra yngri. Kynin taka að auki mismikinn þátt í ólíkri starfsemi. Fleiri karlar en konur eru þannig í launuðu starfi (18% á móti 13%) en sá kynjamunur mælist þó eingöngu marktækur í yngri aldurshópnum (24% á móti 11%), ekki í þeim eldri. Hins vegar eru mun fleiri yngri konur en yngri karlar í námi (27% á móti 6%) eða sjálfstætt starfandi (10% á móti 0%). Þá eru hlutfallslega fleiri karlar en konur í endurhæfingu (29% á móti 24%) en sá kynjamunur hverfur hvort tveggja í yngri og í eldri aldurshópnum. Taflan sýnir einnig að mun fleiri í yngri hópnum en þeim eldri eru í einhverri virkni eða tæplega þrjú fjórðu hlutar á móti ríflega helmingi. Marktækt fleira ungt fólk en eldra er hvor tveggja í námi (16% á móti 6%) og/eða í endurhæfingu (44% á móti 23%).

**Tafla 37:** Hlutfall í virkni eftir kyni og aldri.

		Konur	Karlar	Samtals	N	p
Sjálfstætt starfandi	Yngri	10%	0%	5%	196	0,001**
	Eldri	6%	8%	6%	1251	0,156
	Allir	6%	6%	6%	1447	0,901
Í námi <sup>1)</sup>	Yngri	27%	6%	16%	195	0,000**
	Eldri	6%	7%	6%	1251	0,765
	Allir	8%	6%	8%	1446	0,176
Í sjálfboðavinnu	Yngri	13%	9%	11%	195	0,443
	Eldri	10%	12%	11%	1252	0,235
	Allir	10%	12%	11%	1447	0,421
Í endurhæfingu <sup>1)</sup>	Yngri	45%	44%	44%	196	0,786
	Eldri	22%	26%	23%	1252	0,055
	Allir	24%	29%	26%	1448	0,029*
Í launuðu starfi	Yngri	11%	24%	18%	196	0,018**
	Eldri	13%	17%	14%	1252	0,091
	Allir	13%	18%	15%	1448	0,010**
Í einhverri virkni <sup>1)</sup>	Yngri	77%	70%	74%	194	0,291
	Eldri	48%	58%	52%	1251	0,000**
	Allir	51%	60%	55%	1445	0,000*

<sup>1)</sup> Marktækur aldursmunur (N = 1453): Í námi, p = 0,000\*\*, í endurhæfingu, p = 0,000\*\*, í einhverri virkni, p = 0,000\*\*.

### 3.5.2 Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks

Í þessum undirkafla birtast niðurstöður á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Hlutfall fatlaðs fólks sem var í einhverri launavinnu á síðustu 12 mánuðum er skoðað og hve hátt starfshlutfallið er. Þá er fjallað um hvort fatlað fólk treysti sér til að vera á vinnumarkaði og þá í hve háu starfshlutfalli, hvaða þættir komi í veg fyrir þátttöku á vinnumarkaði og að lokum hversu ánægt eða óánægt fatlað fólk eru með aukna fjarvinnu á vinnumarkaði í tengslum við möguleika til að starfa á honum. Í öllum tilvikum var kyn- og aldursbundinn munur einnig kannaður.

Þá birtast í undirkaflanum niðurstöður um ástæður þess að fatlað fólk treystir sér ekki til að vera á vinnumarkaði. Spurt var um eftirfarandi sjö ástæður:

- ✓ Það borgar sig ekki að vinna vegna tekjuskerðingar
- ✓ Óttast skerðingar og/eða kröfur frá TR
- ✓ Heilsufarsástæður
- ✓ Endurhæfing og/eða nám
- ✓ Vantar stuðning/aðstoð

- ✓ Ekki fundið/fengið starf við hæfi
- ✓ Vil ekki/hef ekki áhuga á að vinna

Svarendur voru beðnir um að raða ástæðunum í samræmi við mikilvægi þeirra. Sú ástæða sem var númeruð *einn* skipti þannig mestu máli en sú sem var númeruð *sjö* minnstu máli. Reiknað út hversu hátt hlutfall svaranda raðaði hverri ástæðu í hvaða sæti fyrir sig. Hlutfall þeirra sem svöruðu að sú ástæða skipti þá mestu máli var skoðað eftir kyni og aldri.

Tafla 38 sýnir að mikill meirihluti fatlaðs fólks, eða 75%, hefur ekki verið í launavinnu síðustu tólf mánuðina, að 8% voru í 25% starfshlutfalli eða minna, 10% í 26% til 50% starfi, 4% í 51% til 76% starfi, 2% í 76%-99% starfi og 3% í fullu starfi. Marktækur aldurs- og kynjamunur birtist í því að hafa verið í launavinnu eða ekki. Fleiri konur en karlar hafa ekki verið í launavinnu (77% á móti 70%) og fleiri í eldri aldurshópnum en í þeim yngri (77% á móti 61%). Hlutfallslega flestar konur í eldri aldurshópnum hafa þannig ekki verið í launavinnu (78%) en hlutfallslega fæstir ungir karlar (52%). Ekkert ákveðið aldurs- og kynjamynstur birtist hins vegar í því hversu háu starfshlutfalli þau sem vinna eru í.

**Tafla 38:** Hlutfall þeirra sem hafa fengið laun á síðustu 12 mánuðum eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,000**
Já, í 25% starfshlutfalli eða minna	8%	0%	4%	N = 156
Já, í 26%-50% starfshlutfalli	13%	30%	22%	
Já, í 51%-76% starfshlutfalli	1%	11%	6%	
Já, í 76%-99% starfshlutfalli	3%	7%	5%	
Já, í fullu starfi	4%	0%	2%	
Nei, ég var ekki í vinnu	71%	52%	61%	
<i>Eldri</i>				0,022*
Já, í 25% starfshlutfalli eða minna	9%	7%	8%	N = 1066
Já, í 26%-50% starfshlutfalli	8%	9%	8%	
Já, í 51%-76% starfshlutfalli	3%	3%	3%	
Já, í 76%-99% starfshlutfalli	1%	1%	1%	
Já, í fullu starfi	2%	5%	3%	
Nei, ég var ekki í vinnu	78%	74%	77%	
<i>Allir</i>				0,000**
Já, í 25% starfshlutfalli eða minna	9%	6%	8%	N = 1227
Já, í 26%-50% starfshlutfalli	8%	13%	10%	
Já, í 51%-76% starfshlutfalli	3%	5%	3%	
Já, í 76%-99% starfshlutfalli	1%	2%	2%	
Já, í fullu starfi	2%	4%	3%	
Nei, ég var ekki í vinnu	77%	70%	75%	

Aldursmunur: N = 1227, p = 0,000\*\*.

Tafla 39 sýnir hlutfall svarenda sem treystir sér til að vera á vinnumarkaði að einhverju eða öllu leyti eftir aldri og kyni. Taflan sýnir að meira en helmingur svarenda, eða 54%, treystir sér til að vera á vinnumarkaði, fimmtungur (20%) til að vera í 25% starfshlutfalli eða minna, annar fimmtungur (20%) til að vera í 26%-50% starfshlutfalli en að aðeins lítill hluti treystir sér til að vera í meira en hálfu starfi. Samtals 5% treysta sér til að vera í 51%- 75% starfi, 2% í 76%-99% starfi sem og í fullu starfi. Samtals 8% svarenda vita síðan ekki hvort þeir treysti sér til að vera á vinnumarkaði eða ekki. Hvort tveggja kynja- og aldersmunur birtist í svörum. Hærra hlutfall kvenna treystir sér ekki til að vera á vinnumarkaði (50% á móti 38%) eða einungis til að vera í 25% starfshlutfalli eða minna (23% á móti 15%) en hærra hlutfall karla til að vera í 26%-50% starfi (24% á móti 17%) eða í meira en hálfu starfi (12% á móti 5%). Hlutfallslega fleiri karlar en konur vita síðan ekki hvort þeir treysti sér til að vera í launavinnu (11% á móti 5%). Sama kynjamynstur helst hvort tveggja í yngri og eldri aldurshópnum. Áberandi fleiri



ungir karlar en ungar konur vita ekki hvort þeir treysti sér til að vera á vinnumarkaði (21% á móti 7%). Að auki treysta hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum en þeim yngri sér ekki til að vera á vinnumarkaði (47% á móti 35%) en hlutfallslega fleiri í hópi þeirra yngri en þeirra eldri vita hins vegar ekki hvort þau treysti sér til þess (41% á móti 7%).

**Tafla 39:** Hlutfall þeirra sem treysta sér til að vera á vinnumarkaði, eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,000**
Já, í 25% starfshlutfalli eða minna	28%	14%	20%	N = 164
Já, í 26%-50% starfshlutfalli	18%	21%	20%	
Já, í 51%-76% starfshlutfalli	5%	7%	6%	
Já, í 76%-99% starfshlutfalli	0%	10%	6%	
Já, í fullu starfi	0%	0%	0%	
Nei, treysti mér ekki til þess	42%	28%	35%	
Veit ekki	7%	21%	14%	
<i>Eldri</i>				0,000**
Já, í 25% starfshlutfalli eða minna	22%	15%	20%	N = 1047
Já, í 26%-50% starfshlutfalli	17%	25%	20%	
Já, í 51%-76% starfshlutfalli	3%	7%	4%	
Já, í 76%-99% starfshlutfalli	1%	1%	1%	
Já, í fullu starfi	1%	3%	2%	
Nei, treysti mér ekki til þess	51%	40%	47%	
Veit ekki	5%	9%	7%	
<i>Allir</i>				0,000**
Já, í 25% starfshlutfalli eða minna	23%	15%	20%	N = 1211
Já, í 26%-50% starfshlutfalli	17%	24%	20%	
Já, í 51%-76% starfshlutfalli	3%	7%	4%	
Já, í 76%-99% starfshlutfalli	1%	3%	2%	
Já, í fullu starfi	1%	3%	1%	
Nei, treysti mér ekki til þess	50%	38%	46%	
Veit ekki	5%	11%	8%	

Aldursmunur: N = 1214, p = 0,000\*\*.

Tafla 40 sýnir að mikill meirihluti fatlaðs fólks sem treystir sér ekki til að vinna, eða 71%, segir heilsufar vera mikilvægustu ástæðu þess, 19% að það að borgi sig ekki vegna tekjuskerðingar vera mikilvægustu ástæðuna, 15% óttast skerðingar og/eða kröfur frá TR, 12% endurhæfingu eða nám, 3% að hafa ekki fundið/fengið starf við hæfi, 2% að þau vanti stuðning eða aðstoð en 1% skorta vilja eða áhuga á að vinna. Þegar önnur mikilvægasta ástæða þess að standa utan

vinnumarkaðar er skoðuð kemur í ljós að 37% segja ótta við skerðingar eða kröfur frá TR og 31% að það borgi sig ekki að vinna. Að sama skapi segja 62% áhuga- eða viljaleysi ekki eiga við, 50% segja endurhæfingu og/eða nám ekki eiga við, 47% segja það um að hafa ekki fundið/fengið starf við hæfi, 46% um að vanta stuðning/aðstoð, 30% um að það borgi sig ekki vegna tekjuskerðingar, 28% um að þau óttist skerðingar og/eða kröfur frá TR og 6% um heilsufarsástæður.

**Tafla 40:** Ástæður þess að vera utan vinnumarkaðar eftir mikilvægi.

	N	1	2	3	4	5	6	7	Á ekki við
Borgar sig ekki vegna tekjuskerðinga	371	19%	31%	27%	15%	5%	2%	1%	29,6% (156)
Óttast skerðingar og/eða kröfur frá TR	383	15%	37%	34%	9%	5%	1%	0%	27,4% (144)
Heilsufarsástæður	525	71%	10%	12%	4%	1%	0%	2%	5,9% (33)
Endurhæfing og/eða nám	236	12%	27%	13%	31%	10%	7%	2%	50,1% (264)
Vantar stuðning/aðstoð	281	2%	9%	16%	22%	38%	12%	0%	46,0% (240)
Ekki fundið/fengið starf við hæfi	280	3%	7%	8%	21%	21%	36%	5%	47,4% (253)
Vil ekki/hef ekki áhuga á að vinna	198	1%	5%	4%	5%	8%	14%	63%	62,4% (330)

Tafla 41 sýnir helstu ástæðuna fyrir því að fatlað fólk treystir sér ekki til að vera á vinnumarkaði eftir aldri og kyni. Athugið að of fáir svarendur settu ástæðurnar að vanta stuðning/aðstoð, að hafa ekki fundið/fengið starf við hæfi og vilja- eða áhugaleysi á að vinna í fyrsta sætið til að hægt væri að greina þær ástæður nánar. Þær ástæður eru því settar saman hér undir liðinn „önnur ástæða“. Sem fyrr er heilsufar helsta ástæða þess að fatlað fólk treystir sér ekki til að vera í launaðri vinnu, 69% svarenda merkja við þann lið en taflan sýnir einnig ákveðinn kynja- og aldursmun á ástæðunum. Hlutfallslega fleiri konur treysta sér ekki til að vera á vinnumarkaði af heilsufarsástæðum (74% á móti 57%) en hlutfallslega fleiri karlar vegna þess að þeir telja að það borgi sig ekki vegna tekjuskerðinga (19% á móti 10%) eða að þeir óttast skerðingar/kröfur TR (16% á móti 7%). Þá treysta hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum sér ekki til að vera í

launaðri vinnu af heilsufarsástæðum (70% á móti 55%) en hlutfallslega fleiri í þeim yngri vegna þess að þau óttast skerðingar/kröfur frá TR (18% á móti 9%) eða vegna þess að þau eru í endurhæfingu/námi (15% á móti 5%). Kynjamunurinn helst hvort tveggja í yngri og eldri aldurshópnum og er meira áberandi í þeim yngri. Þannig treysta 67% ungra kvenna sér ekki til að vera í vinnu af heilsufarsástæðum en það á við um 44% ungra karla. Mun fleiri ungir karlar en ungar konur eru hins vegar ekki í launavinnu vegna þess að þeir óttast skerðingar/kröfur TR (28% á móti 6%) eða vegna þess að það borgi sig ekki vegna skerðinga (14% á móti 9%). Samanlagt þýðir kynja- og aldursmunurinn að mesti munurinn er á eldri konum og yngri körlum. Samtals 75% eldri kvenna treysta sér ekki til að vinna af heilsufarsástæðum en það á við um 44% yngri karla.

**Tafla 41:** Helsta ástæða fyrir að vera utan vinnumarkaðar eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,046*
Borgar sig ekki vegna tekjuskurðinga	9%	14%	12%	N = 78
Óttast skerðingar og/eða kröfur frá TR	6%	28%	18%	
Heilsufar	69%	44%	55%	
Er í endurhæfingu og/eða námi	17%	14%	15%	
Önnur ástæða	0%	0%	0%	
<i>Eldri</i>				0,000**
Borgar sig ekki vegna tekjuskurðinga	10%	20%	13%	N = 466
Óttast skerðingar og/eða kröfur frá TR	7%	13%	9%	
Heilsufar	75%	61%	70%	
Er í endurhæfingu og/eða námi	5%	1%	4%	
Önnur ástæða	3%	5%	4%	
<i>Allir</i>				0,000**
Borgar sig ekki vegna tekjuskurðinga	10%	19%	13%	N = 544
Óttast skerðingar og/eða kröfur frá TR	7%	16%	10%	
Heilsufar	74%	57%	68%	
Er í endurhæfingu og/eða námi	6%	4%	6%	
Önnur ástæða	3%	4%	3%	

Aldursmunur: N = 548, p = 0,000\*\*.

Tafla 42 sýnir að meirihluti fatlaðs fólks, eða 58%, er hvorki ánægður né óánægður með aukna fjarvinnu í tengslum við möguleikana til að starfa á vinnumarkaði, 17% eru mjög ánægð og sama hlutfall frekar ánægt með aukninguna. Lítil minnihluti er frekar (4%) eða mjög óánægður (4%) með hana. Hlutfallslega fleiri karlar eru hvorki ánægðir né óánægðir með að fjarvinna hafi aukist (63% á móti 56%) en hlutfallslega fleiri konur eru mjög ánægðar (18% á móti 14%) eða frekar ánægðar (19% á móti 14%) með hana. Sambærilegt hlutfall kynjanna er svo frekar eða mjög óánægt. Kynjamunurinn helst í yngri aldurshópnum en hverfur í þeim eldri. Talsvert fleiri ungar karlar en ungar konur eru hvorki ánægðir né óánægðir með aukna fjarvinnu (76% á móti 31%), frekar óánægðir (10% á móti 3%) eða mjög óánægðir (7% á móti 5%) með hana. Fleiri ungar konur eru hins vegar mjög ánægðar (38,7% á móti 6,8%) eða frekar ánægðar (22,7% á móti 0,0%) með aukna fjarvinnu í tengslum við möguleika þeirra til starfa á vinnumarkaði. Aldurmunur á álitinu á aukinni fjarvinnu í tengslum við möguleika til stafa á vinnumarkaði er hins vegar ekki áberandi mikill þótt hann mælist tölfræðilega marktækur.

**Tafla 42:** Ánægja eða óánægja með aukna fjarvinnu á vinnumarkaði eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,000**
Mjög ánægð	39%	7%	22%	N = 163
Frekar ánægð	23%	0%	10%	
Hvorki ánægð né óánægð	31%	76%	55%	
Frekar óánægð	3%	10%	7%	
Mjög óánægð	5%	7%	6%	
<i>Eldri</i>				0,772
Mjög ánægð	16%	16%	16%	N = 999
Frekar ánægð	18%	18%	18%	
Hvorki ánægð né óánægð	59%	59%	59%	
Frekar óánægð	4%	2%	3%	
Mjög óánægð	4%	5%	4%	
<i>Allir</i>				0,035*
Mjög ánægð	18%	14%	17%	N = 1162
Frekar ánægð	19%	14%	17%	
Hvorki ánægð né óánægð	56%	63%	58%	
Frekar óánægð	3%	4%	4%	
Mjög óánægð	4%	5%	4%	

Aldursmunur: N = 986, p = 0,004\*\*.

### 3.5.3 Samanburður á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks 2009 og 2021

Í rannsókninni á högum öryrkja sem gerð var árið 2009 var atvinnuþátttaka fatlaðs fólks einnig könnuð. Samanburður á niðurstöðunum þá og nú er birtur í töflum 43 til 45.

Samanburðurinn á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks sem sýndur er í töflu 43 bendir ekki til að það hafi orðið mikil breyting á hlutfalli þeirra sem eru í vinnu frá 2009 til 2021. Árið 2009 voru 28% þeirra í einhverri launaðri vinnu á síðustu sex mánuðum en 26% hafa fengið laun á síðustu 12 mánuðum nú. Af þeim sem eru í launavinnu eru hins vegar færri í meira en hálfu starfi nú en þá (31% á móti 54%).

**Tafla 43:** Samanburður á atvinnuþátttöku 2009 og 2021.

	2009 <sup>1)</sup>	2021
Í vinnu	28% <sup>2)</sup>	26%
Af þeim sem eru í vinnu:		
25% starfshlutfall eða minna	26%	31%
26%-50% starfshlutfall	21%	39%
51%-76% starfshlutfall	27%	13%
76%-99% starfshlutfall	10,8% <sup>3)</sup>	6%
Fullt starf	16%	12%

<sup>1)</sup> Heimild: Guðrún Hannesdóttir (2010, bls. 71-74).

<sup>2)</sup> Í könnuninni 2009 voru eingöngu þeir sem hafa einhvern tímann verið á vinnumarkaði spurðir um atvinnuþátttöku, eða 96% svarenda. Af þeim voru 28,7% í vinnu, eða 27,6% af heildinni.

<sup>3)</sup> Í myndinni þar sem niðurstöðurnar birtast stendur að hlutfall í 76%-99% starfshlutfalli sé 17,8%. Hlutfallstölur sem birtast í myndinni stemma hins vegar ekki og er heildarhlutfallið meira en 100%, eða 107,9%. Út fá því sem skrifað er um niðurstöðurnar í texta er sú ályktun dregin að villa hafi verið gerð í innslætti við gerð myndarinnar og þar hafi átt að standa 10,8% ekki 17,8% (Guðrún Hannesdóttir (2010, mynd 90, bls. 74).

Þá sýnir tafla 44 að lægra hlutfall fatlaðs fólks treystir sér til að vera á vinnumarkaði nú en áður. Árið 2009 var hlutfallið 64% en er komið í 46% árið 2021. Helsta ástæða þess að fatlað fólk treystir sér ekki til að vinna helst hins vegar óbreytt. Niðurstöður úr báðum könnunum sýna að slæmt heilsufar er langalgengasta ástæða þess að fatlað fólk treystir sér ekki til að vera á vinnumarkaði.

**Tafla 44:** Samanburður á hlutfalli fatlaðs fólks sem er utan vinnumarkaðar og helstu ástæður þess að vera utan vinnumarkaðar 2009 og 2021.

	2009 <sup>1)</sup>	2021
Hafa áhuga á launaðri vinnu nú eða í náinni framtíð/treysta sér til að vera á vinnumarkaði	64%	47%
Heilsufar ástæða þess að þau treysta sér ekki til að vinna	80%	71%

<sup>1)</sup> Heimild: Guðrún Hannesdóttir (2010, bls. 76-77).

Að lokum sýnir tafla 45 að af þeim sem treysta sér til að vera í vinnu treystir hlutfallslega færri fatlað fólk sér til að vera í meira í 50% starfi nú árið 2021 en gerðu það árið 2009. Þá treystu samtals 39% sér til að vera í svo háu starfshlutfalli en það gera 15% nú. Við samanburðinn verður þó að hafa í huga að árið 2009 sögðust 25% þeirra sem á annað borð treystu sér til að vera í vinnu að þau vissu ekki í hve háu starfshlutfalli þau treystu sér til að vera í. Í könnuninni nú var það hlutfall komið niður í tæp 8%. Hér eru eingöngu borin saman svör þeirra sem vissu í hve mikilli vinnu þau treystu sér til að vera í.

**Tafla 45:** Samanburður á starfshlutfalli sem fatlað fólk treystir sér til að vera í 2009 og 2021.

	2009 <sup>1)</sup>	2021
Já, í 25% starfshlutfalli eða minna	31%	42%
Já, í 26%-50% starfshlutfalli	30%	42%
Já, í 51%-76% starfshlutfalli	24%	9%
Já, í 76%-99% starfshlutfalli	11%	3%
Já, í fullu starfi	4%	3%

<sup>1)</sup> Heimild: Guðrún Hannesdóttir (2010, bls. 77).

### 3.5.4 Samantekt – atvinnuþátttaka og virkni fatlaðs fólks

Niðurstöðurnar sýna að ríflega helmingur fatlaðs fólks er í einhverri virkni, annaðhvort sjálfstætt starfandi, í námi, í sjálfboðavinnu, í endurhæfingu og/eða í launuðu starfi. Fleira ungt fólk en eldra er virkt og er þá helst í námi eða endurhæfingu. Þá eru fleiri karlar en konur í einhverri virkni og þá helst í endurhæfingu eða launuðu starfi. Ungir karlar eru fjölmennastir í launuðu starfi en ungar konur eru hins vegar fjölmennastar í námi. Tæplega fjórðungur ungra karla er í vinnu og ríflega fjórðungur ungra kvenna er í námi.

Varðandi atvinnuþátttöku fatlaðs fólks þá sýna niðurstöðurnar að þrír fjórðu hlutar þess hafa ekki verið í launavinnu síðustu tólf mánuði, að 18% voru í minna en 50% starfi en 8% í meira en hálfu starfi. Hærra hlutfall fatlaðs fólks treystir sér hins vegar til að vera í einhverri

vinnu, eða 54%, þar af 40% í hálfu starfi eða minna en 3% í meira en hálfu starfi. Kynja- og aldrismunur birtist hvort tveggja í atvinnuþátttökunni og því að treysta sér til að vinna. Fleiri karlar en konur eru í vinnu (30% á móti 23%) og treysta sér til (51% á móti 44%) að vera í vinnu. Þá er fleira ungt fólk en eldra í vinnu (39% á móti 24%) og treystir sér til þess að vera í vinnu (51% á móti 46%) auk þess sem fleira ungt fólk veit ekki hvort það treystir sér til að vinna (14% á móti 7%). Mestur er munurinn á milli ungra karla og eldri kvenna. Samtals 78% kvenna í eldri aldurshópnum eru ekki í vinnu og 51% treystir sér ekki til að vinna en hlutföllin eru 52% og 28% hjá ungum körlum.

Heilsufar er helsta ástæða þess að fatlað fólk treystir sér ekki til að vinna en vilja- og/eða áhugaleysi á vinnu það sem síst hindrar atvinnuþátttöku þess. Samtals 71% svarenda setur heilsufar í fyrsta sæti en einungis 2% setja vilja- og/eða áhugaleysi hins vegar í fyrsta sætið. Ákveðinn kynja- og aldrismunur birtist líka í svörunum. Fleiri konur en karlar (74% á móti 57%) og fleiri í eldri aldurshópnum en þeim yngri (70% á móti 55%) treysta sér ekki til að vera í vinnu af heilsufarsástæðum. Fleira yngra fólk en eldra treystir sér hins vegar ekki til að vera í vinnu vegna þess að það óttast skerðingar/kröfur frá TR (18% á móti 9%) eða vegna þess að það er í endurhæfingu/námi (15% á móti 4%). Mesti munurinn er á eldri konum og yngri körlum. Þrír fjórðu hlutar kvenna í eldri aldurshópnum teysta sér ekki til að vinna af heilsufarsástæðum en það á við um 44% ungra karla.

Fatlað fólk er hóflega bjartsýnt á að aukin fjarvinna bæti möguleika þess á vinnumarkaði. Þriðjungur þess er þannig mjög eða frekar ánægður með aukna fjarvinnu, 58% hvorki ánægð né óánægð en 8% frekar eða mjög ónægð. Konur eru bjartsýnni á að fjarvinna muni auka möguleika þeirra á vinnu en karlar (37% á móti 29%) og sérstaklega eru ungar konur bjartsýnni en ungir karlar (61% á móti 7%).

Samanburður á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks árin 2009 og 2021 bendir til að ekki hafi orðið mikil breyting á því hlutfalli sem er í launaðri vinnu en að þeim sem eru í meira en hálfu starfi hafi hins vegar fækkað á tímabilinu. Hlutfall þeirra sem treysta sér til að vera í vinnu nú samanborið við árið 2009 er lægra. Af þeim sem treysta sér til að vera í vinnu treysta hins vegar færri sér til að vera í meira en hálfu starfi nú en var árið 2009. Helsta ástæða þess að fatlað fólk treystir sér ekki til að vera í vinnu helst óbreytt. Eins og fyrr er það slæmt heilsufar sem helst kemur í veg fyrir að þátttakendur treysti sér til að vera í launavinnu.

### 3.5.5 Summary – Employment and activity

The results show that just over half of disabled people are engaged in some sort of activity, whether self-employed, studying, volunteer work, rehabilitation and/or paid work. More young

people than older people are active, usually in study or rehabilitation. More men than women are engaged in some sort of activity, usually rehabilitation or paid work. Young men are the best represented in paid work and young women in study. Just under a quarter of young men are in work, and just over a quarter of young women are in study.

As regards disabled people in employment, the results show that three-quarters have not been in paid work in the last twelve months, 18% were working less than 50% and 8% more than 50%. A higher proportion of disabled people (54%) feel able to do some sort of work, of which 40% feel able to work half-time or less and 3% more than half-time. There are gender and age difference as regards both employment and feeling able to work. More men than women are in work (30%, as compared to 23%) and feel able to do some sort of work (51%, as compared to 44%). More young people than older people (39%, as compared to 24%) and feel able to do some sort of work (51%, as compared to 46%). In addition, more young people than older people are undecided as to whether or not they feel able to work (14%, as compared to 7%). The biggest difference is between young men and older women. A total of 78% of women in the older age group are not in work, while 51% do not feel able to work. The figures for young men are 52% and 28%, respectively.

Health is the main reason disabled people do not feel able to work. A lack of will or interest in working is the most uncommon reason for not working. A total of 71% of respondents put health in first place, while just 2% put a lack of will or interest in working in first place. There is a certain amount of variation according to gender and age in these replies. More women than men (74%, as compared to 57%) and more older people than younger people (70%, as compared to 55%) do not feel able to do some sort of work for health reasons. However, more young people than older people do not feel able to work due to cutbacks/requirements by the Social Insurance Administration (TR) (18%, as compared to 9%) or because they are in rehabilitation/study (15%, as compared to 4%). The biggest difference is between older women and younger men. Three-quarters of women in the older age groups do not feel able to work for health reasons, while the figure for young men is 44%.

Disabled people are moderately optimistic that increased teleworking will improve their opportunities in the job market. A third of respondents are very or rather happy with increased teleworking, 58% neither happy nor unhappy and 8% very unhappy. Women are more optimistic than men that teleworking will improve their opportunities (37%, as opposed to 29%), with young women in particular more optimistic than young men (61%, as opposed to 7%).



A comparison of disabled people in employment between 2009 and 2021 indicates that there has not been much change in the proportion in paid work but that the amount working over half-time has fallen over the period. The proportion who feel able to work is lower today than in 2009. Of those who do feel able to work, fewer feel able to work over half-time than in 2009. The main reason disabled people do not feel able to work is generally unchanged. As previously, poor health is the biggest impediment to people feeling able to take on paid work.

### 3.6 Viðhorf til þjónustustofnana og breytinga

Viðhorf þátttakenda til þjónustustofnana sem fatlað fólk þarf að reiða sig á var kannað. Spurt var hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu Tryggingastofnunar (TR), Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og lífeyrissjóða. Einnig var spurt um viðhorf til breytinga á almannatryggingakerfinu og hvers konar breytingar kæmu þeim best. Svörin voru greind eftir aldri og kyni.

#### 3.6.1 Viðhorf til þjónustu TR, SÍ og lífeyrissjóða

Svarendur voru spurðir að því hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu TR, SÍ og lífeyrissjóða. Svörin voru greind eftir aldri og kyni og birtast niðurstöðurnar hér á eftir.

Tafla 46 sýnir að ríflega helmingur fatlaðs fólks er annaðhvort frekar óánægður (25%) eða mjög óánægður (27%) með þjónustu TR, ríflega þriðjungur (35%) er hvorki ánægður né óánægður, tíundi hluti (10%) er frekar ánægður en einungis 2% eru mjög ánægð með þjónustuna eins og tafla 47 sýnir. Enginn kynjamunur mælist í hópnum í heild sinni en hann mælist hins vegar hvort tveggja í yngri og eldri aldurshópnum. Hlutfallslega fleiri yngri konur eru mjög óánægðar (36% á móti 7%) eða mjög ánægðar (3% á móti 0%) með þjónustuna en hlutfallslega fleiri yngri karlar hins vegar frekar óánægðir (35% á móti 23%) eða hvorki ánægðir né óánægðir (45% á móti 25%). Muninn verður þó að taka með þeim fyrirvara að fá svör liggja að baki. Kynjamunurinn í eldri hópnum snýst við og er heldur ekki eins áberandi. Heldur fleiri eldri karlar eru mjög óánægðir (31% á móti 26%) eða mjög ánægðir (4% á móti 2%) en heldur fleiri eldri konur frekar óánægðar (26% á móti 23%) eða hvorki ánægðar né óánægðar (37% á móti 32%) með þjónustuna. Enginn aldursmunur mælist á viðhorfinu til þjónustunnar.

**Tafla 46:** Ánægja eða óánægja með þjónustu TR eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,000**
Mjög ánægð	3%	0%	1%	N = 164
Frekar ánægð	13%	14%	13%	
Hvorki ánægð né óánægð	25%	45%	35%	
Frekar óánægð	23%	35%	29%	
Mjög óánægð	36%	7%	21%	
<i>Eldri</i>				0,026*
Mjög ánægð	2%	4%	3%	N = 1074
Frekar ánægð	10%	11%	10%	
Hvorki ánægð né óánægð	37%	32%	35%	
Frekar óánægð	26%	23%	25%	
Mjög óánægð	26%	31%	28%	
<i>Allir</i>				0,441
Mjög ánægð	2%	3%	2%	N = 1238
Frekar ánægð	10%	11%	10%	
Hvorki ánægð né óánægð	36%	34%	35%	
Frekar óánægð	26%	25%	25%	
Mjög óánægð	27%	27%	27%	

Aldursmunur: N = 1245, p = 0,157.

Tafla 47 sýnir að af þeim sem sækja þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands eru einungis 3% mjög ánægð með þjónustuna, 13% eru frekar ánægð, 44% hvorki ánægð né óánægð, 21% frekar óánægð og 18% mjög óánægð. Hlutfallslega fleiri karlar eru mjög ánægðir (4% á móti 2%), frekar ánægðir (17% á móti 11%) eða mjög óánægðir (21% á móti 17%) með þjónustuna en hlutfallslega fleiri konur eru hvorki ánægðar né óánægðar (47% á móti 41%) eða frekar óánægðar (23% á móti 18%). Kynjamunurinn helst í eldri aldurshópnum en hverfur í yngri aldurshópnum. Enginn aldursmunur mælist á viðhorfi til þjónustu Sjúkratrygginga Íslands.

**Tafla 47:** Ánægja eða óánægja með þjónustu SÍ eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,129
Mjög ánægð	5%	0%	3%	N = 117
Frekar ánægð	11%	22%	16%	
Hvorki ánægð né óánægð	48%	56%	51%	
Frekar óánægð	19%	11%	15%	
Mjög óánægð	18%	11%	15%	
<i>Eldri</i>				0,000**
Mjög ánægð	2%	5%	3%	N = 951
Frekar ánægð	12%	16%	13%	
Hvorki ánægð né óánægð	46%	39%	43%	
Frekar óánægð	23%	19%	22%	
Mjög óánægð	17%	22%	19%	
<i>Allir</i>				0,003**
Mjög ánægð	2%	4%	3%	N = 1068
Frekar ánægð	11%	17%	13%	
Hvorki ánægð né óánægð	47%	41%	44%	
Frekar óánægð	23%	18%	21%	
Mjög óánægð	17%	21%	18%	

Aldursmunur: N = 1072, p = 0,244.

Af þeim hópi fatlaðs fólks sem sækja þjónustu til lífeyrissjóðanna eru 7% mjög ánægð með hana, 17% frekar ánægð, 43% hvorki ánægð né óánægð, 16% frekar óánægð og sama hlutfall mjög óánægð eins og tafla 48 sýnir. Ákveðinn kynjamunur mælist á ánægjunni. Heldur fleiri karlar en konur eru mjög ánægðir (9% á móti 6%) eða mjög óánægðir (19% á móti 14%) en nokkuð fleiri konur eru hvorki ánægðar né óánægðar með þjónustuna (47% á móti 39%). Sama kynjamynstur helst í eldri aldurshópnum en þó munur eftir kyni sé einnig marktækur í þeim yngri er mynstrið annað. Hlutfallslega fleiri ungar konur eru mjög ánægðar (16% á móti 0%), frekar ánægðar (6% á móti 0%) eða mjög óánægðar (24% á móti 0%) en fleiri ungar karlar eru hvorki ánægðir né óánægðir (68% á móti 44%) eða frekar óánægðir (10% á móti 32%). Kynjamuninn í yngri aldurshópnum verður þó að taka með þeim fyrirvara að fá svör liggja að baki greiningunni. Ákveðinn aldursmunur er líka á ánægju með þjónustu lífeyrissjóðanna og felst hann helst í því að mun fleiri í eldri aldurshópnum eru frekar ánægð (18% á móti 3%) og heldur fleiri mjög óánægð (16% á móti 14%) en mun fleiri í yngri aldurshópnum eru hvorki ánægð né óánægð (54% á móti 42%) með þjónustuna.

**Tafla 48:** Ánægja eða óánægja með þjónustu lífeyrissjóða eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,000**
Mjög ánægð	16%	0%	9%	N = 87
Frekar ánægð	6%	0%	3%	
Hvorki ánægð né óánægð	44%	68%	54%	
Frekar óánægð	10%	32%	20%	
Mjög óánægð	24%	0%	14%	
<i>Eldri</i>				0,000**
Mjög ánægð	5%	10%	7%	N = 897
Frekar ánægð	18%	18%	18%	
Hvorki ánægð né óánægð	47%	36%	42%	
Frekar óánægð	17%	15%	16%	
Mjög óánægð	13%	21%	16%	
<i>Allir</i>				0,047*
Mjög ánægð	6%	9%	7%	N = 984
Frekar ánægð	17%	17%	17%	
Hvorki ánægð né óánægð	47%	39%	43%	
Frekar óánægð	16%	17%	16%	
Mjög óánægð	14%	19%	16%	

Aldursmunur: N = 986, p = 0,007\*\*.

### 3.6.2 Viðhorf til breytinga á almannatryggingakerfinu

Svarendur voru spurðir hvers konar breytingar skipti þá mestu máli ef almannatryggingakerfinu yrði breytt. Spurt var um fimm mögulegar breytingar:

- ✓ Einföldun kerfisins
- ✓ Hækkun örorkulífeyris og tengdra greiðslna
- ✓ Dregið verði úr tekjuskerðingum vegna atvinnutekna
- ✓ Dregið verði úr tekjuskerðingum vegna lífeyrissjóðsgreiðslna
- ✓ Dregið verði úr tekjuskerðingum vegna fjármagnstekna

Svarendur voru beðnir að raða þeim fimm þáttum sem tilteknir voru í mikilvægisröð frá einum til fimm þar sem einn skiptir mestu máli og fimm minnstu. Unnið var úr svörunum með tvenns konar hætti. Í fyrsta lagi var reiknað út hversu hátt hlutfall svarenda raðaði hverjum breytingarþætti í fyrsta sæti, í annað sæti o.s.frv. Í öðru lagi var hlutfall þeirra breytingarþátta sem skiptu svarendur mestu máli skoðað sérstaklega og munur eftir aldri og kyni reiknaður.

Niðurstöðurnar sem sjást í töflu 49 sýna í hvaða röð svarendur röðuðu breytingunum fimm á almannatryggingakerfinu sem spurt var um. Niðurstöðurnar sýna að meirihluti svarenda, eða 58%, segir að hækkun örorkulífeyris og tengdra greiðslna sé sá þáttur sem skipti sig mestu máli og gefa hækkuninni einkunnina einn. Að sama skapi lækkar hlutfall þeirra sem setja hækkunina aftar í mikilvægisröðina skart og línulega. Samtals 24% setja hækkunina þannig í annað sætið, 11% í það þriðja, 6% í það fjórða og einungis 2% í fimmta og aftasta sætið. Á hinn bóginn er það að draga úr tekjuskerðingum vegna fjármagnstekna sú breyting sem langflestir svarendur, eða 47%, setja aftast í mikilvægisröðina með einkunnina fimm og fylgið við þá breytingu lækkar ört eftir því sem framar dregur í mikilvægisröðinni. Einungis 7% gefa fjármagnstekjunum tvo í einkunn og 8% einn. Einkunnagjöfin raðast síðan mun jafnar á hinar breytingarnar þrjár, það er á einföldun kerfisins og á að draga úr tekjuskerðingu vegna atvinnutekna og vegna lífeyrissjóðsgreiðslna.

**Tafla 49:** *Breytingar á almannatryggingakerfinu eftir mikilvægi.*

	N	1	2	3	4	5	Skiptir ekki máli (n)
Einföldun kerfisins	1009	16%	22%	26%	21%	16%	5,0% (53)
Hækkun örorkulífeyris og tengdra greiðslna	1041	58%	24%	11%	6%	2%	4,3% (47)
Dregið úr tekjuskerðingum vegna atvinnutekna	981	16%	30%	32%	15%	8%	9,0% (98)
Dregið úr tekjuskerðingum vegna lífeyrissjóðstekna	1003	18%	22%	20%	29%	11%	8,9% (98)
Dregið úr tekjuskerðingum vegna fjármagnstekna	974	8%	7%	15%	23%	47%	14,4% (164)

Tafla 50 sýnir hvaða breytingar á almannatryggingakerfinu þátttakendur töldu mikilvægastar, greindar eftir aldri og kyni. Niðurstöðurnar eru að hækkun örorkulífeyris og tengdra greiðslna er sú breyting sem skiptir flest fatlað fólk mestu máli, ríflega helmingur svarenda (51%) setur hana í fyrsta sætið, næst á eftir kemur að draga úr tekjuskerðingum vegna lífeyrissjóðsgreiðslna, 15% setja þá breytingu í fyrsta sæti, þá einföldun kerfisins (14%) og að

dregið verði úr tekjuskerðingum vegna atvinnutekna (13%) en hlutfallslega fæstir setja það að draga úr tekjuskerðingum vegna fjármagnstekna í fyrsta sætið, eða 7%. Niðurstöðurnar sýna líka kynja- og aldursmun í áherslunum á breytingunum. Hlutfallslega fleiri konur en karlar setja hækkun örorkulífeyris í fyrsta sætið (57% á móti 42%) en hlutfallslega fleiri karlar en konur setja einföldun kerfisins (16% á móti 12%), að draga úr tekjuskerðingum vegna atvinnutekna (16% á móti 11%), vegna lífeyrissjóðsgreiðslna (18% á móti 14%) eða vegna fjármagnstekna (9% á móti 5%) í fyrsta sætið. Kynjamunurinn helst í báðum aldurshópnum og er áberandi mikill í yngri aldurshópnum. Samtals 76% ungra kvenna setja hækkun örorkulífeyris í fyrsta sætið en 49% ungra karla. Samtals 24% ungra karla en 8% ungra kvenna telja einföldun kerfisins hins vegar vera mikilvægustu breytinguna. Hærra hlutfall í yngri aldurshópnum en eldri vill hækkun örorkulífeyris (61% á móti 50%) en fleiri í eldri aldurshópnum leggja áherslu á að dregið verði úr tekjuskerðingum vegna lífeyrissjóðsgreiðslna (17% á móti 4%) eða fjármagnstekna (7% á móti 4%).

Í töflunni sést einnig að 14% svarenda segja að skerðing fjármagnstekna skipti þá engu máli en hlutfallið er 4% fyrir hækkun örorkulífeyris, 5% fyrir einföldun kerfisins, 9% fyrir skerðingu lífeyrissjóðstekna og sama hlutfall fyrir skerðingu atvinnutekna.

**Tafla 50:** Helsta breyting á almannatryggingakerfinu eftir kyni og aldri.

	Konur	Karlar	Samtals	p
<i>Yngri</i>				0,000**
Einföldun kerfisins	8%	24%	17%	N = 163
Hækkun örorkulífeyris og tengdra greiðslna	76%	49%	61%	
Draga úr skerðingum vegna atvinnutekna	16%	14%	15%	
Draga úr skerðingum vegna lífeyrissjóðsgreiðslna	0%	7%	4%	
Draga úr skerðingum vegna fjármagnstekna	0%	7%	4%	
<i>Eldri</i>				0,000**
Einföldun kerfisins	13%	14%	13%	N = 998
Hækkun örorkulífeyris og tengdra greiðslna	55%	41%	50%	
Draga úr skerðingum vegna atvinnutekna	11%	17%	13%	
Draga úr skerðingum vegna lífeyrissjóðsgreiðslna	16%	20%	17%	
Draga úr skerðingum vegna fjármagnstekna	6%	9%	7%	
<i>Allir</i>				0,000**
Einföldun kerfisins (3)	12%	16%	14%	N = 1161
Hækkun örorkulífeyris og tengdra greiðslna (1)	57%	42%	51%	
Draga úr skerðingum vegna atvinnutekna (4)	11%	16%	13%	
Draga úr skerðingum vegna lífeyrissjóðsgreiðslna (2)	14%	18%	15%	
Draga úr skerðingum vegna fjármagnstekna (5)	5%	9%	7%	

Aldursmunur: N = 1168, p = 0,000\*\*.

### 3.6.3 Samantekt – viðhorf til þjónustustofnana og breytinga á almannatryggingakerfinu

Það ríkir almennt lítil ánægja meðal fatlaðs fólks með þjónustu þeirra stofnana sem tryggja eiga framfærslu þess og sýnu minnst er ánægjan með þjónustu TR. Aðeins 13% fatlaðs fólks eru mjög eða frekar ánægð með þjónustu þeirrar stofnunar og ríflega helmingur er frekar eða mjög óánægður með hana. Ánægjan er heldur meiri með þjónustu SÍ. Af þeim sem fá þjónustu þaðan eru 16% mjög eða frekar ánægð með þjónustuna en 40% frekar eða mjög óánægð. Skást er viðhorfið til þjónustu lífeyrissjóðanna. Af þeim sem fá þar þjónustu eru 28% mjög eða frekar ánægð en 33% frekar eða mjög óánægð. Ákveðinn aldursmunur mælist hins vegar á viðhorfinu

til þjónustu lífeyrissjóðanna. Fjórðungur eldri aldurshópsins er frekar eða mjög ánægður með þjónustuna en einungis áttundi hluti yngri aldurshópsins Munurinn gæti skýrst af því að þeir sem eldri eru hafa að jafnaði byggt upp meiri réttindi í lífeyrissjóðum en þeir sem yngri eru. Enginn aldursmunur mælist hins vegar á viðhorfi til þjónustu TR og SÍ og kynjamunur á viðhorfi til þjónustu framfærsluaðilanna þriggja er óverulegur.

Niðurstöðurnar eru samhljóma um að hækkun örorkulífeyris og tengdra greiðslna sé sú breyting sem skipti langmestu máli en að draga úr tekjuskurðingum vegna fjármagnstekna sú sem skipti langminnstu máli. Hinar breytingarnar þrjár, þ. e. að draga úr skerðingu vegna atvinnutekna, vegna lífeyrissjóðstekna og einföldun kerfisins, raðast síðan þar á milli. Misjafnt er í hvaða sæti þær lenda eftir því hvaða mæling er notuð og á heildina litið er varla sjónarmunur á mikilvægi þeirra. Fleiri konur en karlar setja hækkun örorkulífeyris í fyrsta sætið og fleiri í yngri aldurshópnum en þeim eldri. Kynjamunurinn verður þannig áberandi mikill þegar hann er skoðaður eftir aldri en þrír fjórðu hlutar ungra kvenna setja hækkun örorkulífeyris í fyrsta sætið á móti tæplega helmingi ungra karla. Á hinn bóginn setja 24% ungra karla einföldun kerfisins í fyrsta sæti en 8% ungra kvenna.

#### 3.6.4 Summary – Attitudes to service bodies and changes in the general insurance system

Disabled people are generally not very happy with the services provided by bodies responsible for ensuring their subsistence, with TR scoring by far the worst. Just 13% of disabled people are very or rather happy with the services provided by their service body, while just over half are rather or very unhappy. Icelandic Health Insurance (IHI) scores rather better. Of those receiving services from IHI, 16% are very or rather happy and 40% rather or very unhappy. The most positive attitude concerns pension funds. Of those receiving services from pension funds, 28% are very or rather happy and 33% rather or very unhappy. There is, however, a certain age difference when it comes to attitudes toward the services provided by pension funds. A quarter of the older age group is rather or very happy with services but just one-eighth of younger people. This discrepancy is explained by the fact that older people have generally accrued more rights in pension funds than younger people. There is, however, no age difference when it comes to attitudes toward the services provided by TR and IHI, and the gender difference as regards attitudes toward the three providers is negligible.

The results concur that an increase in invalidity pension and income-related payments is by far the change that matters most, while reducing income cuts due to capital income is by far the least important. The other three changes, i.e. reducing income cuts due to employment income, reducing income cuts due to pension fund income and simplifying the system, come



in the middle. Their exact ranking depends on the measurement used, and on the whole, there is hardly any difference in the importance attached to them. More women than men place an increase in invalidity pension in first place, as do more young people than older people. The gender difference is noticeably large when examined by age, with three-quarters of young women putting the increase in invalidity pension in first place, as opposed to just under half of young men. On the other hand, 24% of young men place simplifying the system in first place, as do 8% of young women.

## Heimildaskrá

- Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir, ... Guðmundur Arnkelsson. (2019). Próffræðilegir eiginleikar Sheehan Disability Scale, Quality of Life Scale og Patient Health Questionnaire í íslenskri þýðingu. *Sálfræðiritið - Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 23, 91-100. Sótt af <http://hdl.handle.net/2336/621138>
- Eurostat. (e.d.). *European Union statistics on income and living conditions (EU-SILC)*. Sótt af <https://ec.europa.eu/eurostat/web/microdata/european-union-statistics-on-income-and-living-conditions>.
- Guðrún Hannesdóttir. (2010). *Lífskjör og hagir öryrkja: Könnun meðal örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega*. Reykjavík: Öryrkjabandalag Íslands og Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands. Sótt af [https://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/Lifskjor\\_2010\\_netutg.pdf](https://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/Lifskjor_2010_netutg.pdf)
- Hagstofa Íslands. (2018). Lýsigögn Lífskjararannsóknar. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/lysigogn/lysigogn?fileId=56788>
- Hagstofa Íslands. (2021). Félagsvísar: Sérhefti um fjárhag heimilanna. *Hagtíðindi*, 106(4). Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/lifskjor/felagsvisar-serhefti-um-fjarhag-heimila/>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Talnagögn um samfélagsmál. Sótt af <http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/?rxid=e157f82d-3f78-4e73-a5c5-164b5ba7bc16>
- Kroenke, K., Spitzer, R. L. og Williams, J. B. W. (2001). The PHQ-9. *Journal of General Internal Medicine*, 16(9), 606-613. doi:<https://doi.org/10.1046/j.1525-1497.2001.016009606.x>
- Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson. (2021). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal aðildarfélaganna ASÍ og BSRB*. Reykjavík: Varða - rannsóknastofnun vinnumarkaðarins.

Seðlabanki Íslands. (2021). *Peningamál, 2021/2*. Sótt af

<https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Peningamal/2021/Mai-2021/heild2021.pdf>

## Viðauki 1 - Spurningalisti

- 1 Ert þú með 75% örorkumat hjá TR, örorkustyrk eða ert á endurhæfingarlífeyri?  
Já er með 75% örorkumat  
Já er á örorkustyrk  
Já endurhæfingarlífeyrir  
Nei
- 2 Hvert er kyn þitt?  
Kona  
Karl  
Kynsegin  
Annað  
Vil ekki svara
- 3 Hvert er fæðingarár þitt?
- 4 Hvar ert þú búsett/ur?  
Austurlandi  
Höfuðborgarsvæðinu  
Norðurlandi eystra  
Norðurlandi vestra  
Suðurlandi  
Suðurnesjum  
Vestfjörðum  
Vesturlandi  
Erlendis
- 5 Hver er hjúskaparstaða þín?  
Einhleyp/ur/t  
Í sambúð  
Í hjónabandi/staðfestri samvist  
Ekkja/Ekkill  
Fráskilin/n/skilin/n að borði og sæng
- 6 Hvaða menntun hefur þú?  
Grunnskólanám eða sambærilegt  
Háskólanám  
Iðnnám  
Starfstengt nám á framhaldsskólastigi  
Stúdentspróf
- 7 Á eitthvað af eftirfarandi við um þig (merktu við allt sem við á)?  
Er sjálfstætt starfandi/verktaki  
Er í námi  
Er í sjálfboðavinnu  
Er í endurhæfingu  
Er í launuðu starfi

- 8 Hvert er ríkisfang þitt?  
Íslenskt  
Annað
- 9 Hvert er upprunaland þitt?  
Ísland  
Annað
- 10 Hversu margir eru búsettir á heimili þínu að þér meðtalinni/meðtöldum?
- 11 Hversu margir á heimilinu eru undir 18 ára aldri?
- 12 Hefur fjárskortur á síðustu 12 mánuðum komið í veg fyrir að þú hafir getað greitt fyrir eitthvað af eftirfarandi fyrir barn þitt:  
Leikskólagjöld  
Gjöld fyrir frístundaheimili  
Skólagjöld í framhaldsskóla  
Skólabækur eða annan námskostnað  
Mat í skólanum (í gegnum mataráskrift eða á annan hátt)  
Kostnað vegna skipulagðra tómsunda  
Kostnað vegna skólaferðalags  
Nauðsynlegan fatnað  
Eins næringaríkan mat og þú telur þau þurfa  
Nei, ekkert af ofantöldu  
Annað, hvað?
- 13 Ert þú foreldri/umsjónaraðili/stjúpforeldri ungmennis á aldrinum 18-25 ára?  
Já ungmennið býr á mínu heimili og borgar ekki heim  
Já ungmennið býr á mínu heimili og borgar heim  
Já ungmennið flutti að heiman til að koma í veg fyrir að ég missti heimilisuppbót  
Já ungmennið flutti að heiman að öðrum ástæðum  
Já ungmennið býr að mestu hjá öðru foreldri/umsjónaraðila/stjúpforeldri  
Nei  
Annað, hvað?
- 14 Býrð þú í?  
Eigin húsnæði  
Leiguhúsnæði á almennum markaði  
Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum (s.s. Brynju, Bjargi) eða félagslegu húsnæði  
Hjá foreldrum/ættingjum  
Annað, hvað?
- 15 Hve erfitt/auðvelt er fyrir heimili þitt að ná endum saman?  
Mjög auðvelt  
Auðvelt  
Nokkuð auðvelt  
Nokkuð erfitt  
Erfitt  
Mjög erfitt
- 16 Hefur heimili þitt fengið eitthvað af eftirfarandi á síðastliðnum 12 mánuðum (merktu við allt sem við á)?  
Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags  
Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar eða peningagjafa  
Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum

Mataraðstoð frá hjálparsamtökum  
Húsnæðisbætur  
Sérstakan húsnæðisstuðning frá sveitarfélagi  
Nei, ekkert af ofantöldu  
Annað, hvað?

- 17 Á eitthvað af eftirfarandi við um þitt heimili (merkту við allt sem við á)?  
Vanskil á leigu, húsnæðislánnum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum  
Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu  
Hef ekki efni á kjöti, fisk eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag  
Get ekki mætt óvæntum útgjöldum  
Hef ekki efni á síma  
Hef ekki efni á sjónvarpstæki  
Hef ekki efni á þvottavél  
Hef ekki efni á bíl  
Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu  
Nei ekkert að ofan töldu
- 18 Þegar á heildina er litið hversu ánægðu(ur) eða óánægð(ur) ertu með fjárhagsafkomu þína þessa dagana?  
Mjög ánægð/ur  
Frekar ánægð/ur  
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur  
Frekar óánægð/ur  
Mjög óánægð/ur
- 19 Hversu oft hefur eftirfarandi vandamál truflað þig síðastliðnar tvær vikur?  
Lítill áhugi eða gleði við að gera hluti  
Verið niðurdregin/n dagur/döpur eða vonlaus  
Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina  
Þreyta og orkuleysi  
Lystarleysi eða ofát  
Liðið illa með sjálfa/n þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum þér eða fjölskyldu þinni  
Erfiðleika með einbeitingu t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp  
Hreyfa þig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus eða óróleg/ur að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega  
Hugsað um að það væri betra að þú værir dái/n eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt
- 20 Hvernig lýsir þú líkamlegu heilsufari þínu í dag?  
Mjög gott  
Frekar gott  
Hvorki gott né slæmt  
Frekar slæmt  
Mjög slæmt
- 21 Hefur þú neitað þér um á síðastliðnum sex mánuðum (Merkту við allt sem við á)  
Heilbrigðisþjónustu  
Að leysa út lyf  
Tannlæknaþjónustu

Geðheilbrigðisþjónustu  
Þjónustu sérfræðilækna  
Hjálpartæki (þ.m.t. heyrnartæki og gleraugu)  
Sálfræðiþjónustu  
Sjúkraþjálfun  
Nei ekkert að ofan töldu  
Annað, hvað?

- 22 Hver er ástæða þess að þú neitaðir þér um heilbrigðisþjónustu? (merktu við allt sem á við)
- Kostnaður  
Fjarlægð frá heimili  
Erfitt að fá viðtalstíma  
Kostnaður við ferðalög til að sækja heilbrigðisþjónustu  
Hef ekki heilsu til að sækja mér heilbrigðisþjónustu  
Veit ekki hvert ég á að leita eftir þjónustu  
Vegna tæknilegra erfiðleika við samskipti  
Langur biðtími  
Skortur á sérfræðingum/heilbrigðisstarfsfólki  
Annað, hvað?
- 23 Hversu mikla eða litla félagslega einangrun upplifir þú?
- Mjög mikla  
Frekar mikla  
Hvorki mikla né litla  
Frekar litla  
Mjög litla eða enga
- 24 Finnst þér að félagsleg einangrun þín núna sé meiri eða minni en áður en COVID-19 faraldurinn skall á?
- Mikið meiri  
Nokkuð meiri  
Hvorki meiri né minni  
Nokkuð minni  
Mikið minni
- 25 Finnur þú fyrir fordómum vegna örorku/fötlunar þinnar?
- Já  
Nei
- 26 Hjá hverjum eða hvar finnur þú fyrir fordómum? (merktu við allt sem við á)
- Meðal vina  
Í námi  
Á vinnustað  
Við atvinnuleit  
Þar sem ég sæki þjónustu  
Hjá þér sjálfri/um  
Í heilbrigðiskerfinu  
Hjá öðrum öryrkjum/endurhæfingarlífeyristökum  
Almennt í samfélaginu  
Innan fjölskyldunnar  
Annað  
Ég finn ekki fyrir fordómum

- 27 Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustu Tryggingastofnunar við öryrkja, örorkustyrktaka og endurhæfingarlífeyristaka?  
 Mjög ánægð/ur  
 Frekar ánægð/ur  
 Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur  
 Frekar óánægð/ur  
 Mjög óánægð/ur
- 28 Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustu Sjúkratrygginga við öryrkja, örorkustyrktaka og endurhæfingarlífeyristaka?  
 Mjög ánægð/ur  
 Frekar ánægð/ur  
 Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur  
 Frekar óánægð/ur  
 Mjög óánægð/ur  
 Nýti ekki þjónustu Sjúkratrygginga
- 29 Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustu lífeyrissjóða við öryrkja, örorkustyrktaka og endurhæfingarlífeyristaka?  
 Mjög ánægð/ur  
 Frekar ánægð/ur  
 Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur  
 Frekar óánægð/ur  
 Mjög óánægð/ur  
 Nýti ekki þjónustu lífeyrissjóðs
- 30 Ef almannatryggingakerfinu yrði breytt, hverskonar breyting skipti þig mestu máli (merktu 1 við það sem skiptir þig mestu máli, 2 við það sem skiptir þig næst mestu máli o.s.frv. Einnig er hægt að draga dálkana til og raða í samræmi við mikilvægi)?  
 Einföldun almannatryggingakerfisins  
 Hækkun örorkulífeyris og tengdra greiðslna  
 Draga úr tekjuskerðingum vegna atvinnutekna  
 Draga úr tekjuskerðingum vegna lífeyrissjóðstekna  
 Draga úr tekjuskerðingum vegna fjármagnstekna
- 31 Hefur þú fengið laun á síðastliðnum 12 mánuðum?  
 Já í 25% starfshlutfalli eða minna  
 Já í 26%-50% starfshlutfalli  
 Já í 51%-75% starfshlutfalli  
 Já í 76% - 99% starfshlutfalli  
 Já fyrir fullt starf  
 Nei ég var ekki í vinnu síðastliðið hálfa ár
- 32 Treystir þú þér til að vera á vinnumarkaði?  
 Já í 25% starfshlutfalli eða minna  
 Já í 26%-50% starfshlutfalli  
 Já í 51%-75% starfshlutfalli  
 Já í 76% - 99% starfshlutfalli  
 Já í fullu starfi  
 Nei ég treysti mér ekki til að vinna  
 Veit ekki



- 33 Hvað af neðangreindu hefur áhrif á þátttöku, frekari þátttöku eða þátttökuleysi þitt á vinnumarkaði? (Raðaðu efst því sem hefur mest áhrif og neðst því sem hefur minnst áhrif. Einnig er hægt að draga dálkana til og raða í samræmi við mikilvægi)
- Það borgar sig ekki að vinna eða vinna meira tekjuskerðinga
  - Óttast skerðingar og/eða kröfur frá TR
  - Af heilsufarsástæðum
  - Er í endurhæfingu og/eða námi
  - Vantar stuðning/aðstoð
  - Hef ekki fundið/fengið starf við hæfi
  - Vil ekki vinna / hef ekki áhuga á því að vinna
  - Á ekki við
- 34 Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með aukna fjarvinnu á vinnumarkaði í tengslum við möguleika þína til að starfa á vinnumarkaði?
- Mjög ánægð/ur
  - Frekar ánægð/ur
  - Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur
  - Frekar óánægð/ur
  - Mjög óánægð/ur